



ENDURSKOÐUN RÍKISREIKNINGS 2012

OKTÓBER 2013

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	4
1 INNGANGUR	7
1.1 Reikningsskil ríkisins	7
1.2 Framkvæmd endurskoðunar	8
1.3 Áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning 2012	9
2 ENDURSKOÐUN EFNAHAGS	10
2.1 Eignir	10
2.2 Skuldir og eigið fé	18
2.3 Skuldbindingar utan efnahags	26
2.4 Sérákvæði í samningum við Landsbankann	27
2.5 Eftirfylgni með athugasemdum frá fyrra ári	27
2.6 Ábendingar fjárlaganefndar	28
3 ENDURSKOÐUN TEKJULIÐA	29
3.1 Tekjur, innheimta og eftirstöðvar	29
4 ENDURSKOÐUN GJALDA Í A-HLUTA	38
4.1 Að reikningsskil gefi glögga mynd	38
4.2 Innra eftirlit	39
4.3 Samræmi við lög og reglur	39
4.4 Fjárheimildir og rekstur	40
4.5 Endurskoðun einstakra stofnana	43
5 AÐILAR UTAN A-HLUTA	46
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	46
Lánastofnanir í C-hluta	46
Ríkisfyrirtæki í D-hluta	49
Ríkisfyrirtæki í E hluta í meirihlutaeigu ríkissjóðs	49

TÖFLUR OG MYNDIR

2.1	EIGNARHLUTIR Í FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM Í M.KR.....	11
2.2	HLUTAFÉ Í M.KR.	12
2.3	STÆRSTU SKULDUNAUTAR RÍKISSJÓÐS Í ÁRSLOK 2012.....	13
2.4	EFTIRSTÖÐVAR KAUPVERÐS Í M.KR.	14
2.5	EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA Í MA.KR.....	15
2.6	SKAMMTÍMAKRÖFUR Í M.KR.	15
2.7	HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK 2012 Í M.KR.....	17
2.8	EIGIÐ FÉ RÍKISSJÓÐS ÁRIÐ 2012 Í M.KR.	18
2.9	ENDURMAT 31.12.2012 Í M.KR.....	18
2.10	SKIPTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA RÍKISSJÓÐS 2012 Í M.KR.	19
2.11	TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA A-DEILDAR LSR 2001-2012	22
2.12	STAÐA LANGTÍMASKULDA Í ÁRSLOK 2012 Í M.KR.	23
2.13	TEKIN LÁN Á NORÐURLÖNDUM	24
2.14	AFBORGUN NORÐURLANDALÁNA	24
2.15	NÆSTA ÁRS AFBORGANIR AF LANDTÍMASKULDUM Í M.KR.....	26
3.1	TEKJUR RÍKISSJÓÐS 2012 Í M.KR.	29
3.2	TEKJUR OG FJÁRHEIMILDIR 2012 Í M.KR.	30
3.3	SKATTSTIGI 2012 OG 2011	31
3.4	VIRÐISÁUKASKATTUR SKV. RÍKISREIKNINGI Í M.KR.	34
3.5	SKIPTING TRYGGINGAGJALDS Á RÉTTHAFI 2012 Í M.KR.....	34
3.6	BUNDIÐ EIGIÐ FÉ Í ÁRSLOK 2012 Í M.KR.....	36
4.1	ÚTGJALDALIÐIR SKV. RÍKISREIKNINGI 2012 Í M.KR.....	38
4.2	RÁÐSTÖFVUN GJALDA ÁRIÐ 2012 Í MA.KR.	40
4.3	UPPRUNI FJÁRHEIMILDA 2012 Í M.KR.	41
4.4	FJÁRHEIMILDIR OG GJÖLD A-HLUTA RÍKISSJÓÐS 2012 Í M.KR.	42
5.1	ÞRÓUN Í AFKOMU OG FJÁRHAGSSTÖÐU ÍBÚÐALÁNASJÓÐS Í M.KR.	48

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

FYRIRVARALAUS ÁRITUN EN MEÐ ÁBENDINGU

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun er eitt meginverkefni hennar að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Stofnunin áritaði ríkisreikning 2012 án fyrirvara þann 26. júní 2013 en í árituninni var ábending um skuldbindingar ríkissjóðs sem getið er í skýringu og séryfirliti með reikningnum en eru ekki færðar í efnahag.

Á árinu 2012 námu útgjöld ríkissjóðs 561,7 ma.kr. en tekjur 525,9 ma.kr. Tekjuhalli ríkissjóðs nam því 35,8 ma.kr. en fjárlög og fjárukalög gerðu ráð fyrir að tekjuhallinn yrði 25,8 ma.kr. Bókfærðar eignir ríkissjóðs námu 1.113,2 ma. kr. í árslok 2012 og lækkuðu lítillega á milli ára. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.952,3 ma.kr. í árslok og jukust um 36,6 ma.kr. milli ára. Þar af jukust lífeyrisskuldbindingar um tæpa 15,5 ma.kr. Eigið fé í árslok 2012 var neikvætt um 839,2 ma.kr. samanborið við 774,1 ma.kr. neikvæða stöðu í árslok 2011.

ÁHERSLA Á ÚTGJALDAMESTU LIÐINA

Heildarfjöldi reikningsliða (fjárlagaliða) í ríkisreikningi 2012 var 431. Áætlun Ríkisendurskoðunar á undanförunum árum hefur miðað að því að skoða útgjaldamestu fjárlagaliðina til að meta réttmæti upplýsinga um útgjöld í ríkisreikningi. Ríkisendurskoðun er falið og hefur ekki tök á að endurskoða alla liði árlega. Sumir liðir, einkum liðir með takmarkað rekstarumfang, eru einungis endurskoðaðir á þriggja ára fresti eða jafnvel sjaldnar. Þetta er að mati stofnunarinnar óviðunandi ástand og nauðsynlegt að henni verði gert kleift að sinna sínu lögboðna hlutverki að endurskoða alla fjárlagaliði ríkisins með reglubundnari hætti en nú er mögulegt.

HELSTU ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR RÍKISENDURSKOÐUNAR

BREYTA ÞARF REIKNINGSSKILAREGLUM TIL SAMRÆMIS VIÐ ÞAÐ SEM ALMENNT TÍÐKAST

Þær reikningsskilareglur sem uppgjör ríkisreiknings byggist á eru ekki að öllu leyti í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur. Í lögum um fjárreiður ríkisins er kveðið á um að sé ekki sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögnum gildi ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur. Í fjárreiðulögum er kveðið á um eina undantekningu frá þessum almennu reglum en hún varðar færslu varanlegra rekstrarfjármuna sem eru eignfærður hjá fyrirtækjum á almennum markaði og síðan afskrifaðir skv. árlegri afskriftarreglu en gjaldfærðir að fullu á kaupári hjá stofnunum A-hluta. Fleiri undantekningar er að finna í ríkisreikningi. Stærsta frávikið er meðferð verðbreytingafærslna og gengismunar sem færð eru á eigið fé í ríkisreikningi en á rekstrarreikning hjá fyrirtækjum á einkamarkaði. Þá er áfallið orlof ekki fært í

ríkisreikningi líkt og í reikningum fyrirtækja. Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að ríkisreikningsnefnd taki það mál til sérstakrar skoðunar.

UPPLÝSINGAR UM STOFNFJÁRLOFORÐ Í ERLENDUM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM VERÐI BIRTAR Í SKÝRINGUM MEÐ RÍKISREIKNINGI

Ríkissjóður er skráður fyrir stofnfjárloforðum í nokkrum erlendum fjármálafyrirtækjum. Má þar nefna Endurreisnar- og þróunarbankanum (ERBD), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Alþjóðaendurreisnar- og þróunarbankanum (IBRD) Þessara stofnfjárloforða er ekki getið í ríkisreikningi en Ríkisendurskoðun leggur til að upplýsingar um þau verði birtar í skýringum með honum.

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 388 ma.kr. í árslok 2012 en voru 373 ma.kr. í árslok 2011. Þá eru áhvílandi skuldbindingar vegna stofnana og fyrirtækja í „samrekstri“ ríkis og sveitarfélaga. Langt er síðan gert var samkomulag við Reykjavíkurborg um skiptingu lífeyrisskuldbindinga sem hvíla á stofnunum sem ríkið og hún hafa rekið saman. Skv. upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu standa yfir viðræður við önnur sveitarfélög um stöðu samrekstrarstofnana með tilliti til lífeyrisskuldbindinga þeirra. Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að niðurstöður fáist í þessar viðræður sem fyrst.

AÐGERÐA ÞÖRF TIL AÐ BREGÐAST VIÐ TRYGGINGAFRÆÐILEGRI STÖÐU A-DEILDAR LSR

Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR var neikvæð um 12,5% á árinu 2012 en hefur batnað um 0,6 prósentustig frá fyrra ári. Fjármálaeftirlitið hefur bent á mikilvægi þess að hækka iðgjöld til að ná sjóðnum í jafnvægi. Að mati tryggingafræðings þyrfti að hækka heildariðgjald til A-deildar úr 15,5% í 20,1% til að ná heildarstöðu deildarinnar í jafnvægi. Útgjöld ríkissjóðs vegna þessa gætu numið allt að 4,5 ma.kr. á ári. Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að stjórn sjóðsins taki ákvörðun um hækkun iðgjalds í samræmi við það.

LEGGJA BER NIÐUR TVÖ EFTIRLAUNASJÓÐI

Ríkissjóður yfirtók á sínum tíma Eftirlaunasjóð fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands og Eftirlaunasjóð fyrrverandi bankastjóra sama banka. Um er að ræða lokaða sjóði þar sem fjöldi sjóðfélaga er vel undir viðmiðunarmörkum og skuldbindingar fara lækandi. Ríkisendurskoðun ítrekar þá skoðun sína að þessa sjóði beri að leggja niður með formlegum hætti með rekstrarhagræðingu og sparnað í huga.

STOFNANIR LJÚKI GERÐ EIGNASKRÁR

Ekki hafa allar stofnanir ríkisins lokið við gerð eignaskrár en ennþá eru 84 stofnanir með skrána í vinnslu og 10 stofnanir og ráðuneyti hafa ekki farið að fyrirmælum Fjársýslu ríkisins um að hefja innleiðingu og skráningu í eignakerfi ríkisins. Þessa vegna hefur ekki verið hægt að birta lögbundið yfirlit í ríkisreikningi. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til ráðuneyta að þau hlutist til um að stofnanir sem undir þau heyra ljúki gerð eignaskrár á þessu ári þannig að hægt verði að birta lögbundið yfirlit í ríkisreikningi ársins 2013.

KANNA BER HVORT TAKA ÞURFI LÖG UM TEKJUSKATT TIL HEILDARENDURSKOÐUNAR

Í gildandi lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt eru 52 bráðabirgðaákvæði í gildi. Flest eru um framlengingu á gildistíma tiltekinna ákvæða sem sett voru til skamms tíma. Erfitt er að lesa úr lögnum hvaða ákvæði eru í gildi á hverjum tíma auk þess sem þetta flækir skattframtæmdina. Ríkisendurskoðun beinir því til Alþingis og fjármála- og efnahagsráðuneytisins að kanna hvort nauðsynlegt sé að fram fari heildarendurskoðun á þessum lögum.

ENDURSKOÐA ÞARF FRAMSETNINGU MARKAÐRA TEKNA Í FJÁRLÖGUM OG RÍKISREIKNINGI

Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við að svokallað bundið eigið fé tiltekinna stofnanna sé neikvætt. Sérstaklega á þetta við um Vegagerðina en bundið eigið fé hennar var neikvætt um rúma 16 ma.kr. í árslok 2012. Stofnunin hvetur því enn á ný ríkisreikningsnefnd til að endurskoða framsetningu markaðra tekna í fjárlögum og ríkisreikningi og gera nauðsynlegar breytingar þannig að neikvæð staða verði leiðrétt og að slík staða geti ekki myndast aftur. Þá er nauðsynlegt að taka ákvörðun um neikvæða stöðu fjárlagaliðarins *Flugvellir- og leiðsögutæki* en hún nam 1,3 ma.kr. í árslok 2012

1 INNGANGUR

Í skýrslu þessari birtir Ríkisendurskoðun niðurstöður endurskoðunar á ríkisreikningi fyrir árið 2012. Endurskoðað var í samræmi við lög um stofnunina og góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber stofnuninni að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ríkisreikningur sé án verulegra annmarka.

1.1 REIKNINGSSKIL RÍKISINS

Í fjárreiðulögum segir að bókhaldi ríkisaðila skuli hagað á skýran og aðgengilegan hátt og að reikningar skuli gefa glögga mynd af rekstri þeirra og efnahag. Ákvæði almennra laga um bókhald og ársreikninga skuli gilda ásamt góðum bókhalds- og reikningsskilavenjum nema fjárreiðulögin mæli fyrir um annað.

Nú liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um opinber fjármál. Þar er gert ráð fyrir nýrri framsetningu á reikningsskilum ríkisins sem m.a. felur í sér að reikningsskilin verða að fullu á rekstrargrunni með því að eignakaup og fjárfestingar verða nú færð upp til eignar í efnahagsreikningi í stað þessa að gjaldfærast við kaup. Samkvæmt frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að tekinn verði upp alþjóðlegur reikningsskilastaðall fyrir opinbera aðila. Hann felur m.a. breytta framsetningu á rekstar- og efnahagsreikningi auk þess sem skýringar við reikningsskilin verða mun ítarlegri og efnismeiri en núverandi fjárreiðulög gera ráð fyrir.

Þá má nefna að Evrópusambandið (ESB) hefur einnig haft skoðunar að innleiða samræmdan reikningsskilastaðal (IPSAS¹) fyrir aðildarlönd þess. Almenn er samstaða um það innan ESB að reikningsskil á rekstrargrunni fyrir hið opinbera skuli sett í lög sambandsins. ESB vill hins vegar hafa forræði á þróun og innleiðingu staðalsins og því hefur verið rætt um að þróa sérstakan staðal (EPSAS²) sem tæki eins og kostur væri mið af IPSAS.

Enn er vísað til umræðu síðustu ára um nauðsyn þess að færa áhvílandi skuldbindingar í efnahag ríkissjóðs og/eða geta þeirra í skýringum með ríkisreikningi. Þó að ekki hafi á undanförunum árum orðið neinar verulegar breytingar á því hvernig áfallnar skuldbindingar sem færa skal í efnahag ríkissjóðs eru skilgreindar, þá fer ekki milli mála að í ríkisreikningi síðustu þriggja ára er þeirra getið í skýringum með mun skilmerkilegri hætti en áður. Þrátt fyrir þetta taldi ríkisendurskoðandi rétt að hafa

**DRÖG AÐ
FRUMVARPI TIL LAGA
UM OPINBER
FJÁRMÁL**

**REIKNINGSSKILALEG
MEÐFERÐ ÁHVÍLANDI
SKULDBINDINGA**

¹ International Public Sector Accounting Standards

² European Public Sector Accounting Standards

sérstaka ábendingu í áritun sinni á ríkisreikning ársins 2012 þar sem vakin er athygli á umræddum skuldbindingum.

1.2 FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR

Eins og fram kemur í 1. grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun hefur hún það meginhlutverk að endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Í 8. gr. laganna segir að endurskoða skuli samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma og að hverju endurskoðunin skuli einkum miða.

Hefðbundið er að tala um að endurskoðað skuli samkvæmt „góðri endurskoðunarvenju“ en þetta orðalag þykir gamaldags núorðið. Hugtakið er órætt og býður heim mismunandi túlkun. Þannig er góð endurskoðunarvenja við endurskoðun ríkisstofnana ekki það sama og góð endurskoðunarvenja við endurskoðun á einkamarkaði. Til að skilgreina með meiri nákvæmni hvernig standa skuli að endurskoðun hafa verið settir staðlar um það, bæði fyrir einkaaðila og opinbera aðila.

Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) hafa samþykkt og gefið út staðla (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*) um starfshætti, verklag og vinnubrögð ríkisendurskoðana. Á yfirstandandi ári hafa starfsmenn Ríkisendurskoðunar haldið áfram vinnu við innleiðingu þessara staðla og fengið utanaðkomandi aðila til aðstoðar. Innleiðingunni er ekki að fullu lokið og er m.a. beðið niðurstöðu jafningjaúttektar sem unnin var á yfirstandandi ári og mun nýtast við að ljúka innleiðingunni.

Fjárhagsendurskoðun hjá Ríkisendurskoðun byggist í vaxandi mæli á áhættugreiningu sem stuðlar að því að allir mikilvægir fjárlagaliðir sem birtast í ríkisreikningi séu endurskoðaðir. Stofnunin er fáliðuð og hefur ekki tók á að endurskoða alla fjárlagaliði árlega. Því er nauðsynlegt að forgangsraða endurskoðunarverkefnum. Markmiðið er að tryggja að stofnunin hafi nægjanlega vissu um áreiðanleika og réttmæti reikningsskilanna í heild til að geta áritað þau. Við endurskoðun ársins 2012 lagði stofnunin áherslu á „mikilvægi“ (e. *materiality*) stofnana og liða, þ.e. þýðingu þeirra fyrir niðurstöðu reikningsskilanna í heild. Endurskoðunarverkefnum var forgangsraðað með tilliti til þessa. Hluti af áhættugreiningunni felst einnig í því að greina hvar í starfsemi ríkisins sé mest hættu á að ekki sé farið að lögum, reglum og öðrum lögmætum fyrirætlum

Þetta verklag hefur hins vegar þá hættu í för með sér að ekki náist að endurskoða alla fjárlagaliði a.m.k. á þriggja ára fresti. Við þessu verður brugðist með því að skipuleggja endurskoðunina í auknum mæli þannig að hún beinist að málaflokkum í stað einstakra stofnana. Í því felst að samkynja stofnanir verði endurskoðaðar sem ein stofnun og þá byggt á ákveðinni greiningar- og samanburðarvinnu.

Veigamikill hluti endurskoðunar felst í því að kanna hvort rekstri stofnana sé hagað í samræmi við heimildir fjárlaga og annarra heimilda sem fylgja rekstri ríkisstofnana. Að auki hefur Ríkisendurskoðun sinnt eftirliti með gerð og innfærslu rekstraráætlana og

INNLEIÐING ALÞJÓÐLEGRA ENDURSKOÐUNAR- STAÐLA (ISSAI)

SAMKYNJA STOFNANIR VERÐI ENDURSKOÐAÐAR SEM EIN STOFNUN

fylgist með ráðstöfun fjárheimilda á árinu. Niðurstöður þessa eftirlits koma bæði fram í skýrslum stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga og í endurskoðunarbréfum sem send eru ríkisaðilum. Í þessari skýrslu er sem fyrr samantekt athugasemda og ábendinga sem fram koma í þessum endurskoðunarbréfum.

Í nóvember 2012 sendi fjárlaganefnd frá sér álit á skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2010 og er þetta í annað sinn sem fjárlaganefnd gefur út slíkt álit. Þar er að finna fjölmargar athugasemdir og ábendingar sem beint er til stjórnvalda. Ríkisendurskoðun telur þetta breytta verklag mjög til bóta og að með því sé stuðlað að því að athugasemdir sem stofnunin hefur birt í skýrslum sínum á liðnum árum hafi tilætluð áhrif. Sambærilegt álit vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2011 liggur ekki fyrir.

Í þessari skýrslu eru fjárhæðir ýmist settar fram í milljónum króna (m.kr.) eða milljörðum króna (ma.kr.) en leitast er við að gæta samræmis að þessu leyti innan hvers undirkafla, eftir því sem unnt er.

1.3 ÁRITUN RÍKISENDURSKOÐANDA Á RÍKISREIKNING 2012

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings samkvæmt 6. gr. fjárreiðulaga en um endurskoðun og áritun fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðandi áritaði ríkisreikning 2012 þann 26. júní 2012 og var niðurstaða áritunarinnar þannig:

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ríkisreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A til E hluta á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

ÁBENDING

Án þess að gera um það fyrirvara vill Ríkisendurskoðun vekja athygli á skýringu 43 og séryfirliti 16 þar sem getið er um skuldbindingar sem ríkissjóður hefur undirgengist en eru ekki færðar í efnahag ríkissjóðs. Er það í samræmi við aðferðir fyrri ára.

2 ENDURSKOÐUN EFNAHAGS

HEFÐBUNNUM AÐFERÐUM BEITT

Efnahagsreikningur ríkissjóðs sýnir niðurstöður úr efnahagsreikningum allra A-hluta stofnana auk hins sameiginlega efnahags ríkissjóðs sem færður er hjá Fjársýslu ríkisins. Endurskoðun efnahags miðaði að því að staðfesta að eignir og skuldir ríkissjóðs væru tilgreindar og beitt viðeigandi mati á þeim. Beitt var hefðbundnum endurskoðunaraðferðum til að staðfesta tilvist þeirra og nánari upplýsinga aflað frá Fjársýslunni, Seðlabankanum og fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

2.1 EIGNIR

Ríkissjóður eignfærir ekki varanlega rekstrarfjármuni, eins og fasteignir, og vélar og áhöld. Eignir hans samanstanda af eignarhlutum og stofnfé í fyrirtækjum og stofnunum, veittum lánum, handbæru fé og óinnheimtum ríkistekjum.

2.1.1 ÁHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMAKRÖFUR

Í árslok 2012 námu áhættufjármunir- og langtímakröfur 480.268 m.kr. eða 43% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi. Þessi liður hækkaði um 7.732 m.kr. frá fyrra ári. Hér er í fyrsta lagi um að ræða stofnfé í B-, C-, og D-hluta stofnunum og fyrirtækjum samtals að fjárhæð 85.481 m.kr. í árslok. Þá eru í E-hluta ríkisreiknings færðir eignarhlutir í fyrirtækjum sem ríkissjóður á að fullu eða eru í meirihlutaeigu ríkissjóðs samtals að fjárhæð 212.586 m.kr. auk eignarhluta í öðrum félögum að fjárhæð 19.559 m.kr. Einnig á ríkissjóður hlut í stofnunum og sjóðum erlendis samtals 8.846 m.kr. Þá námu veitt langtímalán ríkissjóðs samtals 160.653 m.kr. í árslok.

2.1.1.1 EIGNARHLUTIR Í FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM

Samkvæmt fjárreiðulögum skal færa eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum til eignar í efnahagsreikningi. Ríkisreikningsnefnd ákvað hins vegar að gera tvær undantekningar. Annars vegar þegar um er að ræða eignarhluti í lánastofnunum sem gegna félagslegu hlutverki. Hins vegar þegar um er að ræða eignarhluti í tryggingarsjóðum sem hafa það hlutverk að bæta fyrir eignatjón af völdum náttúruhamfara eða annarra stórtjóna. Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæða til að endurskoða þessar reglur í tengslum við undirbúning frumvarps til laga um opinber fjármál. Stefna ber að því að færa upp stofnfé þessara aðila í ríkisreikningi með sama hætti og gert er í reikningsskilum fyrirtækja.

Endurskoðunin beindist að því að bera saman skráða eignarhluta í fyrirtækjum og stofnunum í B-, C- og D-hluta ríkissjóðs í árslok við bókfært eigið fé í ársreikningum viðkomandi fyrirtækja og stofnana.

ENDURSKOÐA ÞARF REGLUR

2.1 Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum í m.kr.		
	EIGNARHLUTUR Í RÍKISREIKNINGI	BÓKFÆRT EIGIÐ FÉ
ÁTVR	1.376	4.491
HAPDRÆTTI H.I	12	1.646
ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR	103	312
BYGGÐASTOFNUN	2.100	2.114
ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR	0	14.699
NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS	4.214	4.980
ORKUSJÓÐUR	100	112
SEÐLABANKI ÍSLANDS	77.576	98.100
SAMTALS	85.481	126.454

Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum námu um 85.481 m.kr. í árslok 2012 skv. ríkisreikningi en bókfært eigið fé samkvæmt efnahagsreikningum þessara aðila var á sama tíma samtals 126.454 m.kr. Niðurstaðan er því sú að bókfært eigið fé stofnanna í árslok var í raun um 40.973 m.kr. hærra en skráðir eignarhlutir í ríkisreikningi.

Ríkissjóður lagði fram 2.000 m.kr. nýtt stofnfé til Byggðastofnunar á árinu skv. heimild í 6. grein fjárlaga. Í árslok 2012 nam eigið fé Byggðastofnunar 2.114 m.kr. og nam eiginfjárlutfall stofnunarinnar 12,55%. Með þessu framlagi og afkomu stofnunarinnar hefur því tekist að ná því markmiði að eiginfjárlutfall stofnunarinnar sé yfir 8%.

**NÝTT STOFNFÉ LAGT
TIL BYGGÐA-
STOFNUNAR**

Framlag ríkisins til Orkusjóðs nam 30 m.kr. á árinu en heimild var í 6. gr. fjárlaga til að efla eigið fé sjóðsins um allt að 100 m.kr. Framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins nam 214 m.kr. (í samræmi við heimild fjárlaga). Ástæðu framlaga ríkisins til þessara stofnana má rekja til rekstrartaps þeirra á undanförunum árum.

Eins og fram kemur í ríkisreikningi var eignarhlutur ríkisins í Íbúðalánasjóði færður niður í 0 í árslok 2012.

Í 6. grein fjárlaga fyrir árið 2013 var veitt heimild til að efla eigið fé Íbúðalánasjóðs um allt að 13 ma.kr. Þessi heimild var nýtt í apríl 2013 og var þá gengið frá greiðslu fjárhæðarinnar. Í ársreikningi Íbúðalánasjóðs fyrir árið 2012 er þetta framlag bókað sem stofnfjárloforð og hækkaði eigið fé sem því nam. Íbúðalánasjóður telur m.ö.o. rétt að bókfæra framlagið undir árið 2012 þar sem að hans mati var tekin bindandi ákvörðun um framlagið fyrir síðustu áramót. Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur að sú ákvörðun hafi ekki verið tekin fyrir en á árinu 2013 og bókfærir því framlag ríkisins á það reikningsár.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefði verið réttara að færa framlagið á árinu 2013 í reikningsskilum Íbúðalánasjóðs þar sem áformað framlag til styrkingar eiginfjárstöðu sjóðsins tók til ársins 2013 í samræmi við ákvæði fjárlaga þess árs og í því fólst engin skuldbinding fyrir árið 2012.

**RÉTTARA AÐ FÆRA
FRAMLAGIÐ Á ÁRINU
2013**

2.1.1.2 EIGNARHLUTIR Í HLUTAFÉLÖGUM

Eignarhlutir ríkisins í hlutafélögum og sameignarfélögum námu 232.144 m.kr. í árslok 2012. Þar af námu eignarhlutir í félögum þar sem ríkið átti 50% eignarhlut eða meira 212.587 m.kr.

Eins og gildir um fyrirtæki og stofnanir í B-, C- og D-hluta beindist endurskoðunin að því að bera saman skráða eignarhluti þessara félaga í ríkisreikningi í árslok við hlut ríkissjóðs í bókfærðu eigin fé þeirra samkvæmt efnahagsreikningum í árslok 2012.

2.2 Hlutafé í m.kr.	BÓKFÆRT Í	HLUTDEILD Í	EIGNARHLUTUR
	RÍKISREIKNINGI	EIGIN FÉ	
LANDSBANKINN HF.	122.000	183.128	81,3%
LANDSVIRKJUN	60.440	218.798	99,9%
RARIK OHF.	14.565	25.507	100,0%
ISAVIA OHF.	4.923	11.647	100,0%
ORKUBÚ VESTFJARÐA OHF.	4.642	5.359	100,0%
ÍSLANDSPÓSTUR OHF.	1.991	2.489	100,0%
VÍSINDAGARÐAR HÁSKÓLA ÍSL. EHF.	1.000	1.170	100,0%
AÐRIR Í MEIRIHLUTAEIGU RÍKISINS	3.026	3.900	
SAMTALS	212.587	451.998	

Eins og fram kemur í töflu 2.2. námu eignarhlutir ríkissjóðs í þessum félögum skv. ríkisreikningi 212.587 m.kr. í árslok 2012 en bókfært eigið fé (þ.e hlutur ríkisins í bókfærðu eigin fé) samkvæmt efnahagsreikningum félaganna í árslok var samtals 451.998 m.kr. Niðurstaðan er því sú að bókfært eigið fé þessara hluta- og sameignarfélaga var í raun 239.411 m.kr. hærra en skráðir eignarhlutir ríkissjóðs í ríkisreikningi.

Skráning umræddra eignarhluta í ríkisreikningi er í samræmi við gildandi reikningskilareglur. Hins vegar leggur Ríkisendurskoðun til að kannað verði hvort rétt sé að skrá eignarhluti ríkisins í hluta- og sameignarfélögum í samræmi við hlut ríkisins í bókfærðu eigin fé félaganna, líkt og gert er í reikningum félaganna sjálfra. Meðal annars þyrfti að fá úr því skorið hvort slík skráning teldist í samræmi við þá reikningsskilastaðla sem stefnt er að því að taka upp skv. drögum að frumvarpi til laga um opinber fjármál.

2.1.2 ERLENT STOFNFÉ

Erlent stofnfé í efnahagsreikningi ríkissjóðs er framlag til átta stofnana og sjóða erlendis. Stofnféð, sem almennt er í erlendri mynt, er endurmetið í samræmi við skráð gengi viðkomandi gjaldmiðils í árslok. Í árslok 2012 nam erlent stofnfé um 8.846 m.kr. en framlög á árinu 2012 námu 246 m.kr. og endurmat 340 m.kr. Hækkunina má rekja til aukningar á stofnfé í Alþjóðaframtakstofnuninni (IDA) og Norræna Þróunar-sjóðnum (NDF). Stofnfé í IDA var rúmur helmingur af öllu erlendu stofnfé eða 4.660 m.kr. Samkvæmt yfirliti IDA er skuldbinding ríkissjóðs 1.020 m.kr. sem fellur til á árunum 2013 til og með 2017.

SKRÁNING EIGNARHLUTA Í HLUTA- OG SAMEIGNARFÉLÖGUM

ERLENT STOFNFÉ 8.846 M.KR. ÁRIÐ 2012

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2011 var vakin athygli á því að í ríkisreikningi kemur ekki fram skráð eign ríkisins í þessum stofnunum, aðeins greitt framlag. Í ársreikningum flestra þessara stofnana er ríkissjóður skráður fyrir hlutafjár- eða stofnfjárloforðum (*authorised capital* eða *subscribed capital*). Skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ber að gera grein fyrir formlegum stofnfjárloforðum, hlutafjárloforðum og lánsloforðum í skýringum reikningsskila. Þó svo að ekki sé gerð krafa um að ríkisreikningur fylgi alþjóðlegum stöðlum í þessum tilvikum teldi Ríkisendurskoðun til bóta ef slíkar upplýsingar kæmu fram í skýringum með ríkisreikningi. Stofnunin beinir því til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að úr þessu verði bætt í næsta ríkisreikningi. Þar þyrfti og að koma fram hvaða skuldbinding felst í þessum hlutafjár- eða stofnfjárloforðum.

LOFORÐIN KOMI
FRAM Í SKÝRINGUM
MEÐ RÍKISREIKNINGI

2.1.3 VEITT LÖNG LÁN

Endurskoðunin fólst í því í fyrsta lagi að kanna með úrtaksathugum hvort lán sem skráð eru í lánakerfinu séu í samræmi við lánasamninga og í öðru lagi að bera saman niðurstöður um stöðu einstakra lána í lánakerfinu við bókhald. Niðurstöður endurskoðunar voru þær að staða veittra langtímalána í árslok 2012 er staðfest. Öll veitt langtímalán eru í skilum í árslok ef undan eru skilin veitt lán vegna skuldbreytinga skattaskulda einstaklinga og lögaðila hjá Tollstjóra.

ÖLL VEITT
LANGTÍMALÁN Í
SKILUM

Í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 2012 var veitt heimild til að endurlána allt að 13.300 m.kr. Annars vegar 11.500 m.kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og hins vegar 1.800 m.kr. til Vaðlaheiðaganga hf. en sú lánveiting var ekki nýtt á árinu.

Veitt löng lán ríkissjóðs í árslok 2012 námu 160.653 m.kr og höfðu hækkað um 13.658 m.kr. frá fyrra ári. Ríkisendurskoðun kannaði heimildir fyrir veittum lánnum og voru þær til staðar.

2.3 Stærstu skuldunautar ríkissjóðs í árslok 2012					
	STAÐA Í		AFBORG	VERÐ-	STAÐA Í
VEITT LÖNG LÁN	ÁRSBYRJUN	NÝ LÁN	ANIR	BÆTUR	ÁRSLOK
LÁNASJÓÐUR ÍSL. NÁMSMANNA	70.511	11.300	-6.225	3.337	78.923
ARION BANKI HF.	32.189	0	0	2.285	34.474
ÍSLANDBANKI HF.	21.997	765	0	1.518	24.280
SEÐLABANKI ÍSLANDS	7.303	0	0	1.175	8.478
HÁSKÓLAVELLIR EHF.	7.639	0	0	0	7.639
LANDSVIRKJUN SF.	1.177	0	0	116	1.293
SKULDBR. HJÁ TOLLSTJÓRA	1.075	936	-169	107	1.949
AÐRIR AÐILAR	5.104	70	-1.378	-178	3.617
SAMTALS M.KR.	146.995	13.071	-7.772	8.360	160.653

Tæpur helmingur af veittum lánnum í árslok eða 78.923 m.kr er til Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að fjármagna útlán sjóðsins.

KRÖFUR Á VIÐSKIPTABANKA

Íslandsbanki og Arion banki fengu hvor um sig víkjandi lán með einn gjalddaga (kúlulán) 31.12.2019 eða 10 árum eftir útgáfu. Skuldabréf Íslandsbanka er að fjárhæð



23.515 m.kr. auk þess sem bankanum var lánað 765 m.kr. vegna kaupa á BYR sparisjóði. Þá er Arion banki með tvö skuldabréf samtals 34.474 m.kr.

Vaxtakjör lánanna eru þau að fyrstu 5 árin eru greiddir EURIBOR-vextir með 400 punkta álagi (0,4%) og næstu 5 ár með 500 punkta álagi (0,5%). Vextir hafa verið greiddir á 3ja mánaða fresti frá 31.12.2009 og eru lánin í skilum.

SKULDBREYTINGAR TOLLSTJÓRA

Skoðuð voru vanskil skuldabréfa vegna skuldbreytinga skattaskulda einstaklinga og lögaðila sem gerðar hafa verið hjá Tollstjóra í samræmi við lög nr. 24/2010. Í árslok 2012 námu skuldir hjá 425 einstaklingum og lögaðilum 1.449 m.kr. Þar af voru í vanskilum 46,3 m.kr. og eru elstu vanskilin frá því í júlí 2012. Í árslok hafði ekki verið tekin afstaða til lögfræðinnheimtu né færð varúðarafskrift vegna þeirra.

EIGNIR RÍKISSJÓÐS Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Á árinu var gengið frá afstemmingu og skiptingu á eftirstöðvum kaupsamninga, sem voru á nafni Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., sem annast innheimtu á söluverði seldra eigna ríkissjóðs á Keflavíkurflugvelli samkvæmt sérstöku samkomulagi. Eftirstöðvarnar námu 8.990 m.kr. í árslok 2012 og sundurliðast eins og fram kemur í töflu 2.4.

2.4 Eftirstöðvar kaupverðs í m.kr.	STAÐA Í ÁRSLOK
HÁSKÓLAVELLIR EHF.	7.638
PRÓUNARFÉLAG KEFLAVÍKURFLUGVALLAR EHF.	720
GAGNAVARSLAN HF.	375
KEILIR, MIÐSTÖÐ VÍSINDA OG FRÆÐA EHF.	257
SAMTALS	8.990

Þessar kröfur eru nú færðar á viðkomandi skuldara í bókum ríkisins en áður höfðu þær verið færðar sem skuld Próunarfélagsins. Staða Háskólavalla gagnvart ríkissjóði er sú að félaginu hefur ekki tekist að greiða í samræmi við kaupsamninga. Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 11. febrúar 2013 kemur fram að samningaviðræður séu í gangi og ljóst sé að hliðrun muni eiga sér stað í greiðslum. Þannig er ekki gert ráð fyrir neinum afborgunum á árunum 2013 og 2014. Skuld Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. breytist ekkert nema að undirliggjandi eign seljist. Gagnavarslan hf. hefur skilað inn skuldabréfi í samræmi við samkomulag, sem gert var og er í skilum um sl. ármót. Keilir, miðstöð vísinda og fræða ehf. var í skilum um sl. áramót en þann 1. janúar 2013 átti að gera skuldina upp.

Eftir viðræður Keilis og fjármála- og efnahagsráðuneytisins samþykkti stjórn Próunarfélagsins í apríl 2013 að gera viðauka við kaupsamning Keilis um tilteknar fasteignir. Samþykkt er m.a. að veita Keili 6 ára niðurfellingu á vöxtum af skuldabréfi í tengslum við kaup á Grænásbraut 910, frá 1. janúar 2013. Breytingarnar eru gerðar með það að markmiði að styrkja stoðir og rekstur Keilis, til næstu 6 ára, í því skyni að efla grundvöll menntunar og rannsókna á Ásbrú.

FÉLAGINU EKKI TEKIST AÐ GREIÐA Í SAMRÆMI VIÐ KAUPSAMNINGA

VIÐAUKI VIÐ KAUPSAMNING KEILIS

2.1.4 VÖRU- OG EFNISBIRGÐIR

Vöru- og efnisbirgðir námu alls 2.069 m.kr. Birgðirnar eru í vörslu viðkomandi stofnana ríkisins og staðfestar við uppgjör hverrar stofnunar fyrir sig. Meginuppistaða birgðanna eru lyf og hjúkrunarvörur Landsspítalans og annarra heilbrigðisstofnana auk birgða Vegagerðarinnar.

2.1.5 EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA

Eftirstöðvar ríkissjóðstekna námu 114,3 ma.kr. í árslok 2012 eftir að tekið hefur verið tillit til niðurfærslu og annarra leiðréttinga að fjárhæð 91,7 ma.kr.

**EFTIRSTÖÐVAR
RÍKISSJÓÐSTEKNA
114,3 MA.KR. Í
ÁRSLOK 2012**

2.5 Eftirstöðvar ríkissjóðstekna í ma.kr.	2012	2011	MISM.
EFTIRSTÖÐVAR INNHEIMTUKERFA	204,9	219,6	-14,7
AÐRAR EFTIRSTÖÐVAR	1,1	3,2	-2,1
SAMTALS	206,0	222,8	-16,8
SÉRSTÖK LEIÐRÉTTING V/ ÁÆTLANA OG VAXTA	-17,6	-32,2	14,6
NIÐURFÆRT Í ÁRSLOK	-74,1	-86,4	12,3
SAMTALS	114,3	104,2	10,1

Sérstök leiðrétting var að stærstum hluta gerð til að leiðrétta fyrir áætlunum í virðisaukaskatti og forðast ofmat á eftirstöðvum reiknaðra dráttarvaxta. Staða niðurfærslureiknings í árslok endurspeglar kröfur sem taldar eru í hættu á að tapast á næstu árum.

Í ríkisreikningi (bls. 73) er gerð nánari grein fyrir afskriftum og niðurfærslum ríkissjóðstekna í árslok.

2.1.6 SKAMMTÍMAKRÖFUR, AÐRAR

Endurskoðun skammtímakrafna fólst í því að staðfesta afstemmingar krafna. Ekki eru gerðar athugasemdir í því sambandi. Endurskoðunin fólst einnig í því að meta innheimtanleika krafna og skoða hvort kröfurnar séu í ákveðnu innheimtuferli. Sú könnun leiddi í ljós að þar má bæta vinnubrögð bæði vegna almennra krafna hjá ríkinu sjálfu og einnig vegna viðskiptakrafna einstakra stofnana ríkisins.

**BÆTA MÁ
VINNUBRÖGÐIN**

Skammtímakröfur, aðrar, námu 26.647 m.kr. í árslok 2012. Kröfurnar skiptast í eftirfarandi þætti.

2.6 Skammtímakröfur í m.kr.	
KRÖFUR A-HLUTA STOFNANA	8.324
RÍKISAÐILA Í D- OG E- HLUTA	4.047
VÖRSLUFÉ, SJÓÐIR	6.302
SKULDAVIÐURKENNINGAR VEGNA AÐFLUTNINGSGJALDA	2.547
TRYGGINGARFÉ VEGNA GJALDÞROTASKIPTA	401
VEITT STUTT LÁN	423
FYRIRFRAM GREIDD GJÖLD	1.022
ANNAÐ ÓSKIPT	3.581
SAMTALS	26.647

KRÖFUR A-HLUTA STOFNANA

Endurskoðunin fólst í að fara yfir kröfur samkvæmt stöðulista viðskiptamanna ríkissjóðs í árslok. Viðskiptakröfur voru kannaðar m.t.t. aldurs. Þá var kannað hvort gripið hafi verið til aðgerða vegna krafna sem athugasemdir höfðu verið gerðar við á fyrri árum. Skoðaðar voru m.a. gamlar kröfur vegna ofgreiddra launa, gamlar kröfur sem legið höfðu óhreyfðar í langan tíma. Fjársýslan vann að afstemmingu viðskiptakrafna á árinu 2012 og í framhaldi af þeirri vinnu voru afskrifaðar gamlar og fyrndar kröfur.

RÍKISAÐILAR Í D- OG E-HLUTA

Skuldir ríkisaðila í D- og E-hluta má að meginstofni rekja til samkomulags sem gert var á milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands í apríl 2013 um vaxtatekjur af gjaldeyrisforða 2012 en skv. því tekur hlutdeild ríkissjóðs mið af þeim erlendu eignum sem hann hefur lagt inn í bankann sem innlán. Umsamin greiðsla til ríkissjóðs, sem miðast við 55% af heildarvaxtatekjum vegna forðans, nam á 4.334 m.kr. á árinu 2012, þar af voru ógreiddar í árslok 3.879 m.kr.

VÖRSLUFÉ, SJÓÐIR

Á árinu var gerð sú breyting á bókhaldi ríkisins að vörslusjóðir stofnana eru ekki lengur taldir með handbæru fé heldur sérgreindir í bókhaldi stofnana. Kröfur vörslusjóða hækkuðu um liðlega 4.400 m.kr. á árinu 2012 og má rekja meginhluta hækkunarinnar til nokkurra stofnana, s.s. stofnana á vegum Háskóla Íslands.

SKULDAVIÐURKENNINGAR VEGNA AÐFLUTNINGSGJALDA

Skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda eru vegna innflutnings olíufélaganna á olíuvörum. Hreyfingar eru færðar í lánakerfi ríkissjóðs, LIBRA, og stemmdi árslokastaða skv. því kerfi við fjárhagsbókhald ríkissjóðs.

TRYGGINGAFÉ VEGNA GJALDÞROTASKIPTA

Ekki hefur orðið breyting á framsetningu viðskiptareikninga vegna tryggingarfjár við gjaldþrotaskipti þrátt fyrir athugasemdir Ríkisendurskoðunar frá fyrri árum. Í bókhaldi ríkisins eru útistandandi kröfur vegna tryggingarfjár bókaðar á kennitölur innheimtumanna. Hins vegar eru það skiptastjórar sem taka við tryggingafénu og þess vegna telur stofnunin að kröfurnar eigi að bókast á kennitölur þeirra þar sem þeir eru ábyrgir fyrir uppgjöri þrotabúa. Ríkisendurskoðun hefur því ekki getað staðfest réttmæti þessara krafna með fyrirspurn til skiptastjóra.

Fjársýslan hefur unnið að breytingum á tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) þannig að þar verði skráðar upplýsingar um þrotabú og skiptastjóra. Í lok árs 2012 voru skráðar í (TBR) kröfur að andvirði um 17 m.kr. sem greindar eru niður á skiptastjóra þrotabúa. Ennþá standa hins vegar kröfur á hendur skiptastjórum að fjárhæð 384 m.kr. í bókhaldi ríkisins, þar sem innheimtumenn eru skráðir sem skuldarar en ekki viðkomandi skiptastjóri. Þar er tollstjóraembættið langstærst með um 52% krafanna.

STUTT LÁN

Hjá ríkissjóði er skráð eitt stutt lán að fjárhæð 423 m.kr. til Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss ehf. Lánið er í skilum. Í fjárlögum ársins 2013 er heimild í 6. grein til að breyta þessari skammtímaskuld í hlutafé.

Endurskoðun skammtímakrafna fólst í því að staðfesta afstemmingar krafanna. Ekki eru gerðar athugasemdir í því sambandi. Endurskoðunin fólst einnig í því að meta innheimtanleika krafanna og skoða hvort þær væru í ákveðnu innheimtufærli. Sú könnun leiddi í ljós að vinna má betur í þeim málum, bæði vegna almennra krafna hjá ríkinu sjálfu og einnig vegna viðskiptakrafna einstakra stofnana ríkisins.

2.1.7 HANDBÆRT FÉ

Handbært fé ríkissjóðs og stofnana hans nam í árslok 2012 um 483.045 m.kr., sem skiptist í inneign á reikningum í Seðlabankanum, hjá öðrum innlendum banka-stofnunum og á gjaldeyrisreikningum.

2.7 Handbært fé í árslok 2012 í m.kr.	
	SAMTALS
SEÐLABANKINN	132.768
GJALDEYRISREIKNINGAR	338.382
ÝMSAR RÍKISSTOFNANIR	11.895
SAMTALS INNSTÆÐUR	483.045

Endurskoðun bankareikninga ríkissjóðs í umsjón Fjársýslu ríkisins fólst í eftirfarandi:

- Fjársýslan lagði fram afstemmingarbók fyrir bankareikninga ríkissjóðs
- Niðurstaða afstemminganna var borin saman við útskrift úr Orra
- Send voru út staðfestingabréf til allra fjármálastofnana
- Óskað var eftir lista yfir óinnleystar ávísanir og breytingar frá fyrra ári
- Skoðaðar voru afstemmingar samtals 28 innlendra reikninga og 8 í erlendri mynt
- Borin var saman staða í bókhaldi og yfirlitum banka
- Staða erlendra reikninga var uppreiknuð miðað við miðgengi gjaldmiðla þann 31.12.2012.

INNLENDIR BANKAREIKNINGAR

Innlendir bankareikningar í umsjón Fjársýslunnar eru 23 og þar af eru 22 vistaðir í Seðlabankanum og einn í Landsbankanum, en inneign á honum var óveruleg. Afstemmingar allra bankareikninga voru staðfestar.

ERLENDIR BANKAREIKNINGAR

Í umsjón Fjársýslunnar voru átta bankareikningar í erlendri mynt. Staða hvers reiknings var könnuð í bókhaldi og stemmd af við yfirlit frá banka. Staða í erlendri mynt var uppreiknuð miðað við gengi þann 31.12.2012 og eru ekki gerðar athugasemdir við þá útreikninga.

STAÐFESTINGABRÉF

Að beiðni Ríkisendurskoðunar sendi Fjársýslan í mars 2013 út staðfestingabréf til Seðlabankans, Landsbankans, Arion banka, Íslandsbanka, Sparisjóðs Höfðhverfinga, Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Norðfjarðar, Sparisjóðs Ólafsfjarðar og AFLs Sparisjóðs, þar sem óskað var eftir eftirfarandi upplýsingum um stöðu bankareikninga og annarra viðskipta við ríkissjóð:

- Stöðu á öllum bankareikningum (innlánsreikningar og yfirdráttur)
- Um allar eignir í vörslu fjármálafyrirtækisins, þ.m.t. verðbréf og fjárvörslu-reikninga
- Um stöðu allra skulda (aðrar en yfirdráttarlán)
- Um allar ábyrgðir eða skuldbindingar vegna þriðja aðila gagnvart fjármála-fyrirtækinu
- Um alla opna afleiðusamninga, þ.m.t. gjaldmiðlasamninga
- Um upplýsingar að netbanka
- Um upplýsingar prókúrhafa bankareikninga

Fullnægjandi svör bárust frá öllum fjármálafyrirtækjum og var staða bankareikninga og lána í árslok 2012 í samræmi við bókhald ríkissjóðs.

2.2 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skuldir og eigið fé ríkissjóðs námu 1.113,2 ma.kr. í árslok 2012. Langtímaskuldir námu 1.360,3 ma.kr., lífeyrisskuldbindingar 388,5 ma.kr. og skammtímaskuldir 203,5 ma.kr. Eigið fé var neikvætt um 839,2 ma.kr.

2.2.1 EIGIÐ FÉ

Samkvæmt ríkisreikningi urðu eftirfarandi hreyfingar á eigin fé á árinu 2012.

2.8 Eigið fé ríkissjóðs árið 2012 í m.kr.	
	SAMTALS
EIGIÐ FÉ Í ÁRSBYRJUN, NEIKVÆTT	(774.083)
TAP SAMKVÆMT REKSTRARREIKNINGI	(35.845)
ENDURMAT	(29.224)
EIGIÐ FÉ Í ÁRSLOK, NEIKVÆTT	(839.152)

Samkvæmt töflunni hér að ofan er endurmat ársins í eiginfjárreikningnum neikvætt um 29.224 m.kr. Í skýringum með eiginfjárreikningi ríkisreiknings er þessi fjárhæð ekki sundurliðuð. Endurmatið sundurliðast á eftirfarandi hátt.

2.9 Endurmat 31.12.2012 í m.kr.	
	SAMTALS
GENGISTAP OG VERÐBÆTUR VEGNA LANGTÍMASKULDA	(41.986)
VERÐBÆTUR VEGNA LÍFEYRISSKULDBINDINGA	(15.704)
VERÐBÆTUR VEGNA VEITTRA LANGTÍMALÁNA	8.360
GENGISHAGNAÐUR VEGNA ERLENDS STOFNFJÁR	339
GENGISHAGNAÐUR VEGNA HANDBÆRS FJÁR Í ERLENDRI MYNT	19.767
SAMTALS	(29.224)

Samkvæmt fjárreiðulögum skal beita sömu reikningsskilaaðferðum við gerð ríkis-reiknings og kveðið er á um í lögum um ársreikninga að öðru leyti en því að gjaldfæra skal rekstrarfjármuni. Samkvæmt ársreikningalögum og þá um leið fjárreiðulögum ber að gjaldfæra í rekstrarreikningi gengistap og verðbætur vegna langtímaskulda og verðbætur vegna bókfærðra lífeyrisskuldbindinga. Jafnframt ber að tekjufæra verð-

bætur vegna veittra langtímalána og gengishagnað vegna handbærs fjár í erlendri mynt. Breytingin myndi því bæði hafa áhrif á fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ríkissjóðs en ekki á niðurstöðu eigin fjár.

Núverandi aðferð, sem hefur verið notuð frá setningu fjárreiðulaganna, byggir á útfærslu verðbólgu-reikningsskila sem þá voru við lýði. Þrátt fyrir að þessi reikningsskilaaðferð hafi verið aflögð fyrir mörgum árum hefur uppgjorsreglunni ekki verið breytt í reikningsskilum ríkissjóðs.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að við gerð reikningsskila ríkissjóðs er ekki farið eftir reglum ársreikningalaga að þessu leyti heldur eru framangreindir fjármagnsliðir færðir á eigið fé. Ríkisendurskoðun áréttar athugasemdir fyrri ára um að þessir liðir verði færðir um rekstrarreikning ríkissjóðs en ekki beint á eigið fé.

2.2.2 LÍFEYRISSKULDBINDINGAR

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 388 ma.kr. í árslok 2012 en voru 373 ma.kr. árið 2011. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu því milli ára um 4,1%. Gjaldfærður kostnaður ríkissjóðs³ á árinu 2012 vegna lífeyrisskuldbindinga nam 10,4 ma.kr.

Ríkisendurskoðun fær skýrslu tryggingafræðings þar sem áfallnar skuldbindingar lífeyrissjóðanna eru reiknaðar. Við endurskoðun er gerður samanburður á yfirliti hans og uppgjöri Fjársýslu ríkisins. Helstu niðurstöður endurskoðunarinnar voru þær að yfirferð Ríkisendurskoðunar á afstemmingum milli Fjársýslu ríkisins og skýrslum tryggingafræðings gaf ekki tilefni til athugasemda. Tölur frá tryggingafræðingi komu heim og saman við tölur Fjársýslu ríkisins.

UPPGJORSREGLUNNI
EKKI BREYTT Í
REIKNINGSSKILUM
RÍKISSJÓÐS

LÍFEYRIS-
SKULDBINDINGAR
388 MA.KR. Í ÁRSLOK
2012

2.10 Skipting lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs 2012 í m.kr.					
	NÝJAR		GREIÐSLUR Á ÁRINU	ENDURMAT ÁRSINS	STAÐA Í ÁRSLOK
	STAÐA Í ÁRSBYRJUN	SKULDB. Á ÁRINU			
LÍFEYRISJÓÐUR STARFSM. RÍKISINS (B DEILD)	314.535	8.860	-8.911	13.122	327.606
LÍFEYRISJÓÐUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA (LH)	36.773	419	-795	1.325	37.722
LSR OG LH SAMTALS	351.308	9.279	-9.706	14.447	365.328
ALÞINGISMENN	6.730	164	-368	384	6.910
RÁÐHERRAR	1.533	158	-128	91	1.654
EFTIRLAUN FORSETA OG ÆÐSTU EMBÆTTISM.	3.279	287	-139	194	3.621
EFTIRLAUN FYRRV. STARFSM. ÚTVEGSBANKA	4.121	410	-254	244	4.521
EFTIRLAUN FYRRV. BANKASTJ. ÚTVEGSBANKA	280	16	-39	17	274
EFTIRLAUN FYRRV. STARFSM. LANDSBANKA	264	20	-41	15	258
LÍFEYRISJ. SVEITARFÉLAGA V. SAMREKSTRAR	5.483	110		312	5.905
ÝMSAR SKULDBINDINGAR	0	7	-7		0
AÐRIR OPINBERIR AÐILAR SAMTALS	21.690	1.172	-976	1.257	23.143
SAMTALS	372.998	10.451	-10.682	15.704	388.471

Skuldbindingar vegna LSR og LH jukust um 14,0 ma.kr. eða 4% á árinu 2012 sem er í takt við hækkun launavísitölu opinberra starfsmanna. Samsvarandi hækkun skuldbindinga vegna annarra opinberra starfsmanna var hins vegar um 6,7%. Um 94%

³ Endurmat að fjárhæð 15,7 ma.kr. var fært til lækkunar á eigin fé.

**SKULDBINDINGAR
VEGNA LSR OG LH
JUKUST UM 14
MA.KR.**

Lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs eru vegna B-deildar LSR og LH. Skuldbindingar vegna alþingismanna, ráðherra og æðstu embættismanna námu 12,2 ma.kr. í árslok 2012. Til samanburðar voru skuldbindingarnar 11,5 ma.kr. árið 2011 en 10,5 ma.kr. í árslok 2010. Eftirlaun þessara aðila eru greidd beint úr ríkissjóði.

Lífeyrisskuldbindingar alþingismanna, ráðherra, forseta og æðstu embættismanna eru miðaðar við gildandi lagaákvæði um eftirlaun þessara aðila. Lög um eftirlaun þessara aðila, þ.e. svonefnd eftirlaunalög, tóku gildi í árslok 2003 en voru felld úr gildi 25. apríl 2009. Áunnin réttindi samkvæmt lögnum mynda eftirlaunarétt sem er reiknaður af tryggingafræðingi og nam skuldbinding vegna þessara aðila samtals 12,2 ma.kr. í árslok 2012.

Ríkisendurskoðun hefur áður sett fram ýmsar ábendingar eða tilmæli í endurskoðunarskýrslum sínum er varða lífeyrisskuldbindingar. Hér á eftir er fjallað um nokkur þeirra.

Virkum sjóðfélögum LH hefur fækkað jafnt og þétt á undanförunum árum og er fjöldi þeirra nú kominn verulega undir lágmarksviðmiðun laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ríkisendurskoðun ítrekar fyrri tilmæli sín um að stjórn LH í samráði við viðkomandi stéttarfélag meti hvort raunhæft sé að breyta starfsemi LH eða sameina hann öðrum sjóði, t.d. B-deild LSR, með rekstrarhagræðingu í huga. Stjórn sjóðsins hefur fjallað um þessi tilmæli Ríkisendurskoðunar en ekki komist að niðurstöðu.

Ríkissjóður ber alfarið ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands og Eftirlaunasjóðs fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands. Um er að ræða lokaða sjóði þar sem fjöldi sjóðfélaga er vel undir lágmarksviðmiðunarmörkum og skuldbindingar vegna þessara liða hafa farið lækkanði. Af þeim sökum hefur Ríkisendurskoðun lagt til að þessir tveir sjóðir verði lagðir formlega niður með rekstrarhagræðingu og sparnað í huga.

Árið 2009 yfirtók ríkissjóður eftirlaunaskuldbindingar Landsbanka Íslands vegna ríkis-ábyrgðar á þeim. Fyrir liggur sérstök ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins (FME) þess efnis að tilgreindar lífeyrisskuldbindingar fylgi gamla bankanum en hún er að mati Ríkisendurskoðunar á skjön við hina almennu ákvörðun FME um flutning eigna, skulda og skuldbindinga vegna innlendrar starfsemi bankans yfir til Landsbankans hf. Þá liggur fyrir að í samningaviðræðum skilaneftndar og erlendra kröfuhafa Landsbanka Íslands kom fram að þeir geti ekki sætt sig við að Landsbankinn hf. verði skuldsettur meira en um er samið því það muni rýra getu hans til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þeim, sbr. samkomulag þar um. Nú er lokið uppgjöri við gamla bankann þannig að forsenda hans á ekki lengur við og er því rétt að taka á ný til umræðu og ákvörðunar að flytja tilgreindar skuldbindingar yfir til Landsbankans hf., eins og Ríkisendurskoðun hefur talið rökrétt og eðlilegt.

2.2.2.1 HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILI

Hjúkrunar- og dvalarheimili og aðrar stofnanir sem sinna félagslegri þjónustu fá greidd daggjöld á grundvelli þjónustusamninga við ríkissjóð. Hjá mörgum þessara aðila eru

**BREYTA STARFSEMI
LH EÐA SAMEINA
HANN ÖÐRUM SJÓÐI?**

**FLYTJA BER
SKULDBINDINGARNAR
TIL LANDSBANKANS**

lífeyrisskuldbindingar umtalsverðar. Daggjaldatekjur sem þessar stofnanir fá úr ríkissjóði þurfa m.a. að standa undir gjaldföllnum skuldbindingum launagreiðenda. Til að uppfylla lagaskyldur gagnvart lífeyrissjóðnum þurfa launagreiðendur að annast allar iðgjaldagreiðslur vegna launþega og greiða lífeyrishækkunar vegna lífeyrisþega.

Á árinu 2004 var gert samkomulag milli ríkis og Reykjavíkurborgar um skiptingu lífeyrisskuldbindinga sem hvíla á stofnunum sem þessir aðilar hafa rekið saman í árána rás. Ekki hefur verið gert sambærilegt samkomulag við önnur sveitarfélög. Í reikningsskilum ríkissjóðs er færð af varfærnissjónarmiðum sérstök fjárhæð sem ætlað er að mæta slíkum uppgjörum við sveitarfélögin. Nam sú fjárhæð um 5,9 ma.kr. í árslok 2012.

Enn standa yfir viðræður við önnur sveitarfélög um lífeyrisskuldbindingar stofnana í samrekstri þessar aðila. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að þessum viðræðum verði hraðað eins og kostur er.

**MIKILVÆGT AÐ
HRAÐA
VIÐRÆÐUNUM**

2.2.2.2 EIGNIR UPP Í ÓUPPGERÐAR SKULDBINDINGAR

Launagreiðendur B-deildar LSR endurgreiða þann hluta lífeyris sem nemur hækkun á úrskurðuðum lífeyri samkvæmt lögum um lífeyrissjóðinn. Hluti launagreiðenda hefur þegar gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild og verður sjóðurinn, og þá ríkissjóður, að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum.

Í árslok 2012 nam reiknuð óuppgerð áfallin skuldbinding LSR 487 ma.kr. en var 461 ma.kr. árið á undan. Hækkunin er því um 25,9 ma.kr. eða 5,6%. Hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga var óuppgerð áfallin skuldbinding tæpar 67,6 ma.kr. Í árslok 2012 en var 64,5 ma.kr. árið á undan. Hækkunin er 3,1 ma.kr. eða 4,9%.

2.2.2.3 TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA A-DEILDAR LSR

Tryggingafræðileg staða⁴ A-deildar LSR var neikvæð um 12,5% árið 2012 en til samanburðar var hún neikvæð um 13,1% árið 2011. Frá árinu 2000 hefur tryggingafræðileg staða A-deildar LSR ætíð verið neikvæð. Auk þess má nefna að áfallin staða A-deildar, þ.e. eignir umfram áfallnar skuldbindingar, var neikvæð um 7,6 ma.kr. í árslok 2012 eða 3,3% af skuldbindingum. Samsvarandi staða var neikvæð um 10,2 ma.kr. árið á undan eða 5,2%. Lífeyrisskuldbindingar í ríkisreikningi eru miðaðar við áfallna stöðu. Gerð er grein fyrir neikvæðri stöðu A-deildar í skýringu í ríkisreikningi.

**STAÐAN NEIKVÆÐ
UM 12,5% ÁRIÐ
2012**

Í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að ef tryggingafræðilegur munur milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár þá er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Eins og fram kemur í töflu 2.11 hefur staða A-deildar verið utan þessara marka sem fram koma í lögnum. Því er ljóst að grípa þarf til viðeigandi ráðstafana til þess að staða sjóðsins sé innan marka framangreindra laga.

⁴ Hér er átt við heildarstöðu, þ.e. bæði verðmæti áunninna réttinda og framtíðarréttinda sjóðfélaga.

**10% MUNUR
HEIMILAÐUR Í ALLT
AÐ SEX ÁR FRÁ 2008**

Í bráðabirgðaákvæði VI í nefndum lögum eru heimildarákvæði um að framangreindur mismunur megi vera allt að 15% fyrir árið 2011, og 13% fyrir árið 2012 og allt að 11% munur fyrir árið 2013, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Þetta heimildarákvæði breytir hins vegar ekki þeim kröfum sem fram koma í 2. mgr. 39. gr. og nefndar voru hér að framan. Í september 2013 samþykkti Alþingi lög sem heimila lífeyrissjóðum að hafa meira en 10% mun milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga samfellt í allt að sex ár frá og með árinu 2008.

2.11 Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR 2001-2012

ÁR:	EIGNIR % AF SKULDB.
2001	-0,9%
2002	-4,9%
2003	-2,8%
2004	-3,5%
2005	-3,6%
2006	-0,6%
2007	-2,4%
2008	-13,1%
2009	-13,2%
2010	-12,0%
2011	-13,1%
2012	-12,5%

**MIKLVÆGT AÐ HÆKKA
IÐGJÖLD TIL AÐ NÁ
JAFNVÆGI**

Að mati tryggingafræðings⁵ þyrfti að hækka heildariðgjald til A-deildar úr núverandi 15,5% í 20,1% til þess að ná heildarstöðu deildarinnar í jafnvægi, en hækkun í 18,3% er talin nægjanleg til að koma stöðunni undir 5% mörkin. Fjármálaeftirlitið hefur bent á að mikilvægt sé að hækka iðgjöld til að ná sjóðnum í jafnvægi.

Í 4. mgr. laga 13. gr. nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir: „Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi launagreiðenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar.“ Eins og Ríkisendurskoðun hefur áður bent á er því mikilvægt að stjórn LSR taki ákvörðun um hækkun mótframlags launagreiðenda A-deildarinnar.

2.2.2.4 FÆRSLA SKULDBINDINGA Í ÁRSREIKNINGI

**FÆRA SKAL ÁFALLNAR
LÍFEYRISSKULDBINDINGAR TIL
SKULDAR**

Að mati Ríkisendurskoðunar eiga allir launagreiðendur að færa til skuldar í reikningsskilum áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar, sbr. 27. gr. ársreikningalaga. Þetta á við um lífeyrisskuldbindingar vegna lífeyrishækkana hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1997 og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, sbr. 20 gr. laga nr. 2/1997. Að mati Ríkisendurskoðunar gildir þetta einnig um þá launagreiðendur sem eru aðilar að A-deild LSR.

⁵ Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2012. Talnakönnun hf., apríl 2013.

2.2.3 LANGTÍMASKULDIR

Endurskoðun langtímaskulda fólst í því í fyrsta lagi að staðfesta að lánaforsendur í lánakerfinu væru réttar. Tekið var úrtak lánasamninga og lánaforsendur bornar saman við skráðar forsendur í lánakerfið. Í öðru lagi voru staðfestar afstemmingar milli lánakerfisins og bókhaldsins. Í þriðja lagi beindist endurskoðunin að því að kanna hvort lántökur ríkisins á árinu væru í samræmi við lánsheimildir fjárlaga.

Ný langtímalán ríkissjóðs námu samtals 232.922 m.kr. á árinu 2012. Innlendar lántökur námu 108.401 m.kr sem að stærstum hluta skýrist af útgefnum ríkisskulda-bréfum. Erlendar lántökur námu 124.521 m.kr. en þar er um að ræða lán sem tekið var skv. útboði og er í bandaríkjadollurum.

Í fjárlögum ársins 2012 var fjármálaráðherra heimilað að taka lán allt að 115.000 m.kr. eða jafngildi þeirra fjárhæðar í erlendri mynt. Í fjárukalögum sama árs var þessi fjárhæð hækkuð í 217.000 m.kr. og þar af 92.000 m.kr. í íslenskum krónum. Hækkunina má m.a. rekja til skuldabréfaútboðs í bandaríkjadollurum að fjárhæð um 124.000 m.kr., sem heimilað var í 4. tl. 5. gr. fjárlaga.

Þá var veitt heimild til að taka lán eða semja um lántökur allt að 340.000 m.kr. m.a. til að efla gjaldeyrisforðann eða til endurfjármögnunar erlendra lána.

Við könnun á lánsheimildum kom í ljós að lántökur ríkissjóðs voru innan heimilda, en þær skiptust á eftirfarandi hátt:

- Ríkissjóður nýtti sér heimild til að taka 1 m.usd. lán með útgáfu ríkisskulda-bréfa
- Ríkissjóður nýtti sér heimild til að endurfjármagna innlend lán að fjárhæð 108.400 m.kr.
- Lánsheimildum ríkissjóðs námu annarsvegar 217.000 m.kr. og hinsvegar 340.000 m.kr. til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann. Samtals námu lánsheimildirnar 557.000 m.kr., og voru þær ekki nýttar að fullu þar sem lántakan nam 232.922 m.kr.

LÁNTÖKUR RÍKISSJÓÐS INNAN HEIMILDA

TEGUND	STAÐA Í ÁRSBYRJUN	NÝ LÁN Á ÁRINU	AFBORG. Á ÁRINU	VERÐB. /GENGIS- MUNUR	STAÐA Í ÁRSLOK
RÍKISBRÉF ÓVERÐT.	593.080	75.851	-51.852	0	617.079
RÍKISBRÉF VERÐTR.	136.812	29.823	-207	7.057	173.485
SEÐLABANKALÁN	172.010	0	-10.000	7.750	169.760
ÖNNUR INNL. LÁN	59.383	2.727	-5.884	2.405	58.631
INNLEND LÁN ALLS	961.285	108.401	-67.943	17.212	1.018.955
ERLEND LÁN ALLS	448.124	124.521	-163.945	24.775	433.475
LANGTÍMASKULDIR ALLS	1.409.409	232.922	-231.888	41.987	1.452.430

Afborganir langtímalána ríkissjóðs námu samtals 231.888 m.kr. Afborganir af innlendum lánum aðallega af ríkisskulda-bréfum námu 67.943 m.kr. Afborganir af erlendum lánum námu alls 163.945 m.kr.

**LANGTÍMASKULDIR
NÁMU 1.452,4
MA.KR.**

Í heild jukust langtímaskuldir ríkissjóðs um 43.021 m.kr. á árinu og námu samtals 1.452,4 ma.kr í árslok.

FYRIRFRAMGREIDDAR AFBORGANIR LÁNA FRÁ NORÐURLÖNDUM

Í tengslum við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) veittu Danmörk, Finnland, Færeyjar og Svíþjóð íslenska ríkinu lán á árunum 2009–2011. Samkvæmt lánaskilmálum voru lánin með gjalddaga á árunum 2016–2021 og báru breytilega 3ja mánaða Euribor-vexti með 2,75% vexti nema lánið frá Færeyjum sem var með fasta 2,17% vexti. Norðurlandalánin skiptust á þann hátt sem sjá má í töflu 2.13.

2.13 Tekin lán á Norðurlöndum				
DAGS. LÁNTÖKU	DANMÖRK (EUR)	FINNLAND (EUR)	FÆREYJAR (DKR)	SVÍÞJÓÐ (EUR)
24.3.2009	0	0	300	0
21.12.2009	81	54	0	84
28.9.2010	159	106	0	164
30.12.2011	240	160	0	248
ALLS MILLJÓNIR	480	320	300	496

Á árinu 2012 greiddu ríkissjóður og Seðlabankinn fyrirfram afborganir af lánum AGS og Norðurlandanna, þ.e. áður en lánin voru á gjalddaga. Í tilkynningu Seðlabankans um miðjan mars 2012 kom fram að með því að greiða niður lánin á skemmri tíma en samið var um væri dregið úr kostnaði við gjaldeyrisforðahald. Í tilkynningunni kom enn fremur fram að ákvörðunin væri tekin með hliðsjón af tiltölulega rúmri lausafjárstöðu ríkissjóðs og Seðlabankans í erlendri mynt á næstu misserum.

Í byrjun maí gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 1 ma.usd., sem jafngilti um 124 ma.kr. Lánið er til 10 ára, greiðist allt upp í lok lánstímans og ber fasta vexti 5,875% sem greiðast tvisvar á ári. Lántökukostnaður nam samtals 11,8 m.usd. Í kjölfar þessarar lántöku var tekin ákvörðun um að greiða fyrirfram inn á lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Norðurlöndum. Ákvörðun um endurgreiðslu var jafnframt tekin með hliðsjón af tiltölulega rúmri lausafjárstöðu ríkissjóðs og Seðlabankans í erlendri mynd á þessum tíma eins og fram kemur í tilkynningu fjármál- og efnahagsráðuneytisins.

Fyrirframgreiðsla Norðurlandalánanna fór fram á eftirtöldum dögum og voru greiddar afborganir sem voru á gjalddaga á árunum 2016, 2017 og 2018.

2.14 Afborgun Norðurlandalána				
DAGS. AFB	DANMÖRK (EUR)	FINNLAND (EUR)	FÆREYJAR (DKR)	SVÍÞJÓÐ (EUR)
20.3.2012	99	66	0	102
18.6.2012	182	122	0	188
17.12.2012	0	0	300	0
ALLS MILLJÓNIR	281	188	300	290

VAXTAKOSTNAÐUR LÁNANNA

Ljóst er að mismunur á vöxtum lánanna er allnokkur. Þannig ber dollarlánið 5,875% fasta vexti á meðan vextir lánanna frá Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð voru hæstir í upphafi árs 4,137% og lækkuðu í 3,537% um mitt ár, í 3,402% í lok september og síðan í 2,972% þann 28.12.2012. Lánið frá Færeyjum bar fasta 2,17% vexti.

**ALLNOKKUR MUNUR
Á VÖXTUNUM**

AFSTAÐA FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTISINS

Vegna fyrirspurnar fjárlaganefndar til Ríkisendurskoðunar í ágúst 2013 leitaði stofnunin eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins til skuldabréfaútgáfunnar árið 2012 og þess hvernig vaxtakjör sem fengust hafi verið metin í samanburði við vaxtakjör á Norðurlandalánunum. Í svörum ráðuneytisins koma m.a. fram þau almennu sjónarmið að langtímastefna í lánamálum ríkisins feli m.a. í sér reglulegar skuldabréfaútgáfur á mörkuðum. Tilgangur þeirra sé einkum að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans en eins að endurfjármagna útistandandi lán. Þá sé tilgangur lánsfjármögnunar í erlendum gjaldmiðlum einnig að viðhalda reglubundnum aðgangi að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og stuðla að aðgengi að fjölbreyttum hópi fjárfesta. Erlendri útgáfu sé enn fremur ætlað að auka vitund fjárfesta um ríkissjóð Íslands sem útgefanda.

**TILGANGURINN M.A.
AÐ VIÐHALDA
AÐGANGI AÐ
MÖRKUÐUM**

Þá segir í svarinu að aðgengi ríkissjóðs að erlendum mörkuðum sé m.a. ein af forsendum fyrir afnámi gjaldeyrishafta auk þess sem skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs liði fyrir fjármögnun annarra innlendra aðila eins og fjármála- og orkufyrirtækja. Með skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjadollurum árið 2011 hafi verið tekið mikilvægt skref inn á alþjóðamarkaði og hafi aðgengi að alþjóðamörkuðum enn frekar verið styrkt með skuldabréfaútgáfunni í maí 2012. Til að viðhalda aðgangi að mörkuðum sé nauðsynlegt að vera sýnilegur þar með reglulegu millibili og er þessi stefna undirstrikuð í langtímaáætlun um lánamál.

Ljóst er að vaxtakjör hins nýja láns eru mun óhagstæðari en vaxtakjör þeirra lána sem greidd voru niður og það leiðir óhjákvæmilega til aukins vaxtakostnaðar ríkissjóðs á komandi árum þrátt fyrir að aðrir hagsmunir hafi, að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins, vegið þyngra.

**LEIÐIR TIL AUKINS
VAXTAKOSTNAÐAR**

ÁFALLNIR ÓGREIDDIR VEXTIR

Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs námu 26.292 m.kr. í árslok 2012 og höfðu hækkað um 1.388 m.kr frá fyrra ári. Stærstu liðirnir 21.754 m.kr. eru vegna endurlána ríkissjóðs. Endurskoðun þessa liðar var án athugasemda.

TEKIN STUTT LÁN

Tekin stutt lán ríkissjóðs eru eingöngu ríkisvixlar og fyrirframgreiddir skattar 10.440 m.kr. Staða ríkisvixlanna í árslok var 38.570 m.kr. og hafði lækkað um 20.295 m.kr. á árinu. Staða ríkisvixla kemur fram í lánakerfinu. Um er að ræða rafræn bréf, sem boðin eru út á markaði og ráðast kaup og kjör af markaðsaðstæðum hverju sinni. Forvextir eru færðir í efnahagsreikning á móti skuld og gengið er úr skugga um að þeir séu gjaldfærðir á rétt reikningsár í uppgjöri hjá Fjársýslunnar. Endurskoðun tekinna stuttra lána var án athugasemda.

2.2.4 SKAMMTÍMASKULDIR

Fjárhæð annarra skammtímaskulda nam 18.008 m.kr. Þar af námu skuldir ýmissa stofnana ríkissjóðs 11.950 m.kr. Aðrar skammtímaskuldir námu 6.058 m.kr. og höfðu lækkað nettó um 16.699 m.kr frá fyrra ári sem rekja má til þess að ríkissjóður greiddi upp skammtímaskuld sína að fjárhæð 19.198 m.kr. við Landsbankann vegna SpKef sparisjóðs. Endurskoðun skammtímaskulda var án athugasemda

NÆSTA ÁRS AFBORGANIR AF LANGTÍMASKULDUM

Næsta árs afborganir tekinn langtímalána eru reiknaðar í lánakerfi ríkisins.

2.15 Næsta árs afborganir af landtímaskuldum í m.kr.

NÆSTA ÁRS AFBORGANIR	
INNLEND LÁN	87.362
ERLEND LÁN	4.735
SAMTALS	92.097

**Hafa ekki sinnt
ítrekuðum
fyrirmælum
fjársýslunnar**

Endurskoðunin fólst í því að bera saman útreikninga á næsta árs afborgunum úr lánakerfinu og bera niðurstöðuna saman við fjárhæðir í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðunina.

2.2.5 EIGNASKRÁ RÍKISINS

Í 15. gr. fjárreiðulaganna er kveðið á um að árlega skuli halda eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðið eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar í ríkisreikningi. Engin skrá er birt í ríkisreikningi 2012 og kemur fram í skýringu við séryfirlit 15 að ekki hafi verið hægt að uppfylla ákvæði laganna þar sem töluvert skorti á að öll ráðuneyti og stofnanir hafi lokið gerð eignaskrár miðað við árslok 2012.

Stofnanir eru misjafnlega langt á veg komnar í þessum efnunum. Fram kemur í skýringunni að 116 stofnanir hafi lokið skráningu og 84 stofnanir séu með eignaskrána í vinnslu. 10 stofnanir og ráðuneyti hafa ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum Fjársýslunnar um að hefja innleiðingu og skráningu í eignakerfi ríkisins (sjá bls. 157 í ríkisreikningi).

Á meðan reikningsskilareglur ríkisins gera ekki ráð fyrir að eignir séu færðar upp í efnahag stofnana er mikilvægt að þær fylgi ákvæðum fjárreiðulaganna um eignaskrá þannig að hægt sé að birta yfirlit yfir eignir ríkissjóðs í ríkisreikningi. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til ráðuneyta að þau hlutist til um að stofnanir, sem undir þær heyra, ljúki gerð eignaskrár sem fyrst þannig að hægt sé að birta lögbundið yfirlit í ríkisreikningi fyrir árið 2013.

2.3 SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

Skipta má ríkisábyrgðum í tvo flokka, skráðar og óskráðar. Skráðar ábyrgðir eiga sér heimild í 1. gr. laga nr. 121/1997. Þar kemur fram að ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar nema heimild sé veitt til þess í lögum. Af skráðum ábyrgðum ber að greiða ábyrgðargjald. Þá segir enn fremur í sömu grein að ríkissjóður

megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum þeim sem ábyrgð heimila.

Í ríkisreikningi er að auki gerð grein fyrir öðrum málum sem mögulega geta falið í sér skuldbindingu fyrir ríkissjóð en falla ekki undir skilgreiningu laga um ríkisábyrgðir. Þar er um að ræða skuldbindingar vegna innstæðna í fjármálafyrirtækjum í tengslum við endurreisn fjármálakerfisins, lífeyrisskuldbindingar vegna A-deildar LSR og skuldbindingar vegna langtímasamninga við stofnanir og félög um verkefni sem ná fram yfir reikningsárið.

Skráðar ríkisábyrgðir í árslok 2012 námu samtals 1.319 ma.kr. og hækkuðu um 102 ma.kr. frá ársbyrjun. Hækkunina má fyrst og fremst rekja til Landsvirkjunar en á árinu 2012 tók ríkissjóður yfir ábyrgðir Akureyrarbæjar og Reykjavíkurborgar samtals að fjárhæð um 109 ma.kr. Aðrar ábyrgðir ríkissjóðs lækkuðu.

**SKRÁÐAR ÁBYRGÐIR
1.319 MA.KR. Í
ÁRSLOK 2012**

Í árslok 2012 var skráð ríkisábyrgð hjá Íbúðarlánasjóði að fjárhæð 942 ma.kr. sem er um 71% af skráðum ríkisábyrgðum. Þá var Landsvirkjun með skráðar ríkisábyrgðir fyrir liðlega 342 ma.kr. eða sem nemur 26% af ríkisábyrgðum í heild.

2.4 SÉRÁKVÆÐI Í SAMNINGUM VIÐ LANDSBANKANN

Í fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings hefur verið fjallað um skuldbindingu Landsbankans hf. skv. samningi frá 15. desember 2009. Skv. honum gat bankinn hugsanlega þurft að gefa út skuldabréf til gamla Landsbankans þann 31. mars 2013. Bréfið yrði viðbótargreiðsla fyrir eignir og skuldir sem fluttar voru úr gamla Landsbankanum. Fjárhæð skuldabréfsins gæti orðið allt að 92 ma.kr. að nafnvirði. Fjárhæðin er skilyrt af umframvirði ákveðinna eignasafna, ákvörðuðu þann 31. desember 2012, yfir reiknuðu framtíðarvirði kaupverðs þeirra þann 9. október 2008, með fyrirvara um ákveðnar leiðréttingar.

Samkomulag náðist um virði þessara skuldbindinga í apríl 2013. Óháður þriðji aðili, Deloitte, komst að þeirri niðurstöðu að mat tiltekinna eigna í tengslum við skilyrta skuldbréfið næði þeim 92 ma.kr. sem samkomulagið gerði ráð fyrir. Bréfið var gefið út í þremur gjaldmiðlum, 50% í evrum, 30% í bandarískum dollurum og 20% í breskum pundum. Í kjölfar þessa uppgjors á íslenska ríkið nú 98% hlut í bankanum en Landsbankinn eignast 2% af eigin bréfum. Það skilyrði er fyrir eignarhlut Landsbankans að honum verði dreift meðal starfsmanna bankans.

**SAMKOMULAG Í
APRÍL 2013**

2.5 EFTIRFYLGNI MEÐ ATHUGASEMDUM FRÁ FYRRA ÁRI

EIGNASAFN SEÐLABANKA ÍSLANDS

Í skýrslum Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings undanfarin ár hefur komið fram það mat stofnunarinnar að hin daglegu og lögbundnu verkefni Seðlabankans fari illa saman við rekstur félags um eignasafn sem heldur utan um kröfur sem bankinn eignaðist við fall viðskiptabankanna árið 2008. Ríkisendurskoðun lagði því til að Seðlabankinn íhugaði hvort það væri ekki í þágu hagsmuna hans að selja tilgreindar eignir félagsins eða félagið í heild til aðila sem sérhæfa sig í slíkri eignaumsýslu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2011 kom fram að Seðlabankinn var sammála Ríkisendurskoðun um að æskilegt væri að koma eignum ESÍ sem fyrst í verð eða losa bankann með öðrum hætti við þessa starfsemi. Að mati bankans er hins vegar ekki sama hvernig að því verður staðið. Gæta þurfi þess að eignir hins opinbera séu ekki seldar einkaaðilum á brunaútsölu og grafið undan eiginfjárstöðu bankans. Stjórn ESÍ vinnur nú að áætlun um „sólarlag“ ESÍ sem miðar að því að verja eigið fé Seðlabankans og lágmarka neikvæð áhrif á fjármálastöðuleika.

Ríkisendurskoðun ítrekar þá skoðun sína að þessari vinnu verði hraðað eins og kostur er.

2.6 ÁBENDINGAR FJÁRLAGANEFNDAR

Í nóvember 2012 gaf fjárlaganefnd út álit á skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2010.⁶ Er þetta í annað sinn sem nefndin skilar Alþingi sérstöku álit á skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings. Tilgangur þess að gefa út sérstakt álit er tvíþættur. Annars vegar að draga fram helstu athugasemdir Ríkisendurskoðunar um reikning ársins 2010, álit fjárlaganefndar á þeim og gera formlegar tillögur til úrbóta. Hins vegar að hvetja til umræðna um eftirlit og framkvæmd fjárlaga með það að markmiði að leggja grunn að betri og agaðri stjórn ríkisfjármála en áður hefur tíðkast.

Í álit nefndarinnar er farið yfir þær athugasemdir sem hún sendi viðeigandi aðilum ásamt viðbrögðum nefndarinnar við svörum.

⁶ <http://www.althingi.is/altext/141/s/0647.html>

3 ENDURSKOÐUN TEKJULIÐA

Eins og undanfarin ár var lögð áhersla á að endurskoða uppgjör stærstu tekjuliða ríkissjóðs, þ.e. virðisaukaskatts, opinberra gjalda og tryggingagjalds. Auk þess var farið yfir afstemmingu milli álagningar- og tekjurerfa og afstemmingu tekjurerfa við bókhaldskerfið. Ytri staðfestinga á tekjum var aflað þar sem það þótti nauðsynlegt, niðurfærsla eftirstöðva var endurskoðuð og mat lagt á þær.

3.1 TEKJUR, INNHEIMTA OG EFTIRSTÖÐVAR

Tekjur ríkissjóðs á árinu 2012 námu 526 ma.kr. samanborið við tæplega 487 ma.kr. á árinu 2011 og hækkuðu því um 39 ma.kr. eða 8,1% milli ára. Mestu munar um hærrí tekjur af virðisaukaskatti en þær námu 142 ma.kr. á árinu 2012 á móti 131 ma.kr. á árinu 2011. Skattar á tekjur og hagnað hækkuðu um 15 ma.kr. milli ára sem skiptist þannig skattar á tekjur einstaklinga hækkuðu um 5,6 ma.kr. og skattar á tekjur lögaðila hækkuðu um 4,7 ma.kr.

**TEKJURNAR 526
MA.KR. 2012**

3.1 Tekjur ríkissjóðs 2012 í m.kr.	EST 1/1	TEKJUR	INNHEIMT	AFSKRIFT	EST 31/12
SKATTAR Á TEKJUR	48.455	165.087	-162.523	1.130	52.149
VIRÐISAUKASKATTUR	27.248	142.446	-135.452	-4.989	29.253
TRYGGINGAGJALD	9.216	64.882	-65.435	-324	8.339
AÐRIR SKATTAR	8.549	100.430	-99.744	-569	8.666
SALA EIGNA	0	542	-542	0	0
AÐRAR TEKJUR	10.726	52.489	-46.938	-411	15.866
SAMTALS	104.192	525.876	-510.633	-5.162	114.274

Af eignarsköttum skilaði auðlegðargjald mestum tekjum eða 7,9 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. meira en árið 2012 og nemur hækkinin 24,3%. Þá skilaði sérstakt gjald á lífeyrissjóði 1,5 ma.kr. en þetta gjald var ekki álagt á árinu 2011. Einnig var lögð á viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki sem skilaði 1,8 ma.kr. tekjum á árinu 2012. Þá hækkuðu arðgreiðslur verulega á árinu vegna greiðslu frá Seðlabankanum sem nam 3,5 ma.kr. og 1,8 ma.kr. greiðslu frá Landsvirkjun. Enn fremur var á árinu 2012 í fyrsta skipti lagt á sérstakt veiðigjald skv. lögum nr. 74/2012. Tekjur af þessu gjaldi námu 5,1 ma.kr.

**AUÐLEGÐARGJALD
SKILAÐI 7,9 MA.KR.**

Til innheimtu á árinu 2012 voru 625 ma.kr. (að teknu tilliti til afskrifta) og þar af innheimtust 511 ma.kr. eða 81,7%. Þetta er nánast sama hlutfall og árið 2011. Innheimtuhlutfall virðisaukaskatts nam 82,2% sem er heldur betra hlutfall en árið 2011. Innheimtuhlutfall tryggingagjalds nam 88,7% sem og hækkaði um eitt prósentustig. Innheimtuhlutfall skatta á tekjur nam 75,7% sem er nánast sama hlutfall og árið 2011.

**GJALDFALLANAR
EFTIRSTÖÐVAR
HÆKKUÐU UM 6,1%**

Bókfærðar eftirstöðvar ríkistekna voru 114 ma.kr. í árslok 2012 eða 10 ma.kr. meiri en í árslok 2011. Ógjaldfallnar eftirstöðvar, sem eru álagðar kröfur sem ekki eru komnar á gjalddaga, námu tæplega 37 ma.kr. í árslok 2012 en rúmlega 32 ma.kr. í árslok 2011. Gjaldfallnar eftirstöðvar hækkuðu því um 6,1% milli ára. Nánar er fjallað um eftirstöðvar í kafla 2.1.5.

3.1.1 FJÁRLÖG OG FJÁRAUKALÖG

Áætlaðar tekjur ársins samkvæmt fjárlögum 2012 voru 522,9 ma.kr. en í fjáraukalögum var sú fjárhæð hækkuð um rúma 6 ma.kr. Þar munar mestu um auknar tekjur af sköttum á tekjur og hagnað einstaklinga og tryggingagjaldi. Þá hækkuð arðgreiðslur um 3,3 ma.kr. og tekjur af veiðigjaldi hækkuðu um 3,0 ma.kr. Á móti vegur að áætlanir um sölu eigna náðu ekki fram að ganga.

3.2 Tekjur og fjárheimildir 2012 í m.kr.					
	TEKJUR		FJÁRAUKA		TEKJUR
	2012	FJÁRLÖG	-LÖG	FRÁVIK	2011
TEKJUSK. EINSTAKL.	102.954	98.400	5.877	-1.323	97.389
TEKJUSK. LÖGAÐILA	38.172	34.000	2.500	1.672	33.449
SKATTAR Á FJÁRM.T.	18.559	24.110	-2.380	-3.171	20.361
VIRÐISAUKASKATTUR	142.446	142.600	0	-154	131.404
TRYGGINGAGJALD	64.882	66.711	1.371	-3.200	66.820
AÐRIR SKATTAR	105.832	106.712	-446	-174	91.974
SALA EIGNA	542	7.600	-6.884	-174	4.341
VAXTATEKJUR	21.769	21.128	-503	1.143	19.369
AÐRAR TEKJUR	30.720	21.678	6.859	2.183	21.419
SAMTALS	525.876	522.939	6.292	-3.356	486.526

3.1.2 LAGABREYTINGAR

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2011 var gerð ítarleg grein fyrir ýmsum skattabreytingum sem áhrif höfðu á tekjur ársins 2011 og 2012. Ekki verður fjallað jafnítarlega um skattabreytingar í þessari skýrslu en látið nægja að fjalla stuttlega um þær breytingar sem helst höfðu áhrif á tekjur ársins 2012. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 (bls. 454) er yfirlit yfir lagabreytingar. Flestar þeirra koma fram í lögum nr. 164/2011 um ráðstafanir í ríkisfjármálum (aðgerðir í skattamálum, verðlagsbreytingar o.fl.)

SKATTLAGNING KOLVETNISVINNSLU

Með breytingu á lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta var kolefnisgjald hækkað. Þetta gjald skilaði tæpum 1,0 ma.kr. hærri tekjum á árinu 2012 samanborið við fyrra ár.

SÉRSTAKUR VIÐBÓTARSKATTUR Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Í júní 2011 var nýtt bráðabirgðaákvæði sett í lög nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki sem fól í sér að sérstakur viðbótarskattur var lagður á þau (0,0875% af skattstofni). Var þetta gert til þess að fjármagna hlut viðskiptabankanna í sérstakri vaxtaniðurgreiðslu heimila. Viðbótarskatturinn kom til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2012 en fyrirtækjunum var gert að greiða fyrirfram upp í hann 1.

nóvember 2011 miðað við skattstofn eins og hann var í árslok 2010. Í desember 2011 var bráðabirgðaákvæðið framlengt um eitt ár og skilaði það 1,9 ma.kr. tekjum á árinu 2012.

GJALD Á LÍFEYRISJÓÐI

Á árinu 2011 samþykkti Alþingi lög nr. 156/2011 þar sem m.a. var útfærð þátttaka lífeyrissjóða í fjármögnun á sérstakri vaxtaniðurgreiðslu heimila. Þeir greiða sérstakt gjald í ríkissjóð við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013. Gjaldþagi vegna álagningar 2012 var 1. nóvember það ár en greiða átti fyrirfram upp í álagt gjald 31. desember 2011. Bókfærðar tekjur vegna þessa gjalds námu 1,5 ma.kr. á árinu 2012.

**TEKJUR VEGNA
GJALDSINS 1,5
MA.KR.**

OLÍUGJALD OG KÍLÓMETRAGJALD

Með breytingu á lögum nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald var gjaldskrá hækkuð og tók hækkunin mið af hækkun kolvetnisgjalds. Þá var steinólía gerð gjaldskyld. Tekjur af olíugjaldi námu 6,9 ma.kr. á árinu 2012 sem er um 7% hækkun frá fyrra ári. Tekjur af kílómetragjaldi námu 0,7 ma.kr. og hækkuðu óverulega frá fyrra ári.

TEKJUSKATTUR

Á hverju ári eru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 90/2003. Auk ýmissa fjárhæðarbreytinga voru helstu breytingar þær að heimilaður frádráttur frá tekjum vegna greiðslu lífeyrissparnaðar var lækkaður úr 4% í 2%, auðlegðarskattur var framlengdur um eitt ár og fjárhæðarmörk tekjuskatts voru hækkuð eins og fram kemur í töflu 3.3.

3.3 Skattstigi 2012 og 2011				
	VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐ (ÞÚS.KR.)		SKATTHLUTFALL	
	2012	2011	2012	2011
PREP 1	0–2.760	0–2.513	22,9%	22,9%
PREP 2	2.760–8.452	2.513–8.167	25,8%	25,8%
PREP 3	UMFRAM 8.452	UMFRAM 8.167	31,8%	31,8%

Hluttur ríkissjóðs í staðgreiðslu tekjuskatts jókst um 6,3 ma.kr. árið 2012 miðað við árið á undan eða um 6,3%. Auðlegðarskattur skilaði 7,9 ma.kr. tekjum á árinu 2012 samanborið við 6,3 ma.kr. á árinu 2011 og nemur aukningin 24,3%.

Það vekur athygli að í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt eru 52 bráðabirgðaákvæði. Skv. upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra hafa fjölmargar breytingar verið gerðar á lögnum undanfarin fimm ár, einkum frá því snemma árs 2009 og næstu fjögur ár eftir það. Margar þeirra hafa verið hugsaðar til skamms tíma og því settar fram í formi bráðabirgðaákvæða. Má í þessu sambandi t.d. benda á að auðlegðarskattur er lagður á skv. bráðabirgðaákvæði XXXIII. Mörg dæmi eru um að bráðabirgðaákvæði laganna hafi verið framlengd þegar gildistími þeirra hefur runnið út. Þetta getur valdið því að menn eigi erfitt með að átta sig á því hvaða ákvæði eru í gildi á hverjum tíma. Það eykur hættu á mistökum og flækir skattframkvæmdina.

**52 BRÁÐABIRGÐA-
ÁKVÆÐI**

ER ÁSTÆÐA TIL AÐ ENDURSKOÐA LÖGIN Í HEILD SINNI?

Ríkisendurskoðun leggur því til að Alþingi og fjármála- og efnahagsráðuneytið kanni hvort ekki sé nauðsynlegt að fram fari heildarendurskoðun á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

TRYGGINGAGJALD OG ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Helstu breytingar á tryggingagjaldi voru þær að atvinnutryggingagjald var lækkað úr 3,81% í 2,45% og var það gert með hliðsjón af minnkandi atvinnuleysi. Á móti kom að almennt tryggingagjald var hækkað úr 4,54% í 4,99% til að styrkja afkomu ríkissjóðs. Þá var hlutur Fæðingarorlofssjóðs hækkaður úr 1,08% í 1,28% til að vega upp uppsafnaðan halla sjóðsins á undanförunum árum. Þá var gjald vegna Ábyrgðasjóðs launa hækkað um 0,05 prósentustig. Í heild höfðu þessar breytingar í för með sér 0,86 prósentustiga lækkun á tryggingagjöldum

TEKJUR AF TRYGGINGAGJÖLDUM LÆKKUÐU MILLI ÁRA

Tekjur af tryggingagjöldum námu 64,9 ma.kr. á árinu 2012 og lækkuðu um 2,9% frá árinu 2011.

VEIÐIGJALD

Í júní 2012 voru samþykkt lög nr. 74/2012 um veiðigjöld. Gjöldin eru tvíþætt, annars vegar almennt veiðigjald og hins vegar sérstakt veiðigjald. Gjöldin eru lögð á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlinda skapar (2. gr.).

Almennt veiðigjald er 9,50 kr. á hvert þorsgildiskíló en skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr. á hvert skip. Sérstakt veiðigjald skal vera 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu eins og stofninn er skilgreindur í 10. gr. laganna að frádregnu almenna veiðigjaldinu. Álagning vegna aflamarks fer fram við úthlutun þess á hverju fiskveiðiári. Álagning á landaðan afla skal fara fram 31. ágúst ár hvert vegna afla sem landað var frá 1. ágúst næstliðins árs til 31. júlí á álagningarárinu og greiðist gjaldið með fjórum jöfnun greiðslum ár hvert, þ.e. 1. október sama árs og 1. janúar, 1. apríl og 1. júlí næsta árs.

VEIÐIGJÖLD NÁMU 10 MA.KR.

Áætlað var að veiðigjöldin skiluðu 12,7 ma.kr. vegna fiskveiðiársins 2012/2013. Skv. ríkisreikningi námu tekjur af veiðigjöldum tæpum 10,0 ma.kr.

FJÁRSÝSLUSKATTUR

Fjársýsluskattur var lagður á skv. lögum nr 165/2011 og tók gildi 30. desember 2011. Skatturinn reiknast 5,45% af öllum launum eða þóknunum fyrir starf, sem skattskyld eru skv. lögum um tekjuskatt. Áætlað var að þessi skattur skilaði 2,4 ma.kr. í tekjur. Skv. ríkisreikningi 2012 námu tekjurnar 2,3 ma.kr.

3.1.3 UPPGJÖR OG ENDURSKOÐUN

Endurskoðun ríkissjóðstekna hefur það sama meginmarkmið og endurskoðun gjalda, þ.e. að endurskoða nægjanlegar stóran hlut teknanna til að ákvarða um áreiðanleika upplýsinga í ríkisreikningi. Megináherslan var lögð á endurskoðun opinberra gjalda, virðisaukaskatts, tryggingagjalds og dráttarvaxta sem tengjast þeim. Hlutdeild þessara liða í heildartekjum ríkissjóðs er um 72%.

3.1.4 OPINBER GJÖLD

Endurskoðun opinberra gjalda fólst fyrst og fremst í því að yfirfara afstemmingu Fjársýslu ríkisins á milli álagningarkerfis Ríkisskattstjóra (RSK) og tekjubókhaldskerfis ríkisins (TBR). Afstemmingin tryggir að allar fjárhæðir í reitum í álagningarskrá RSK flytjist rétt yfir á innheimtulykla í TBR. Þetta gildir bæði um frumálagningu og skattbreytingar. Þessi yfirferð var án athugasemda.

**YFIRFERÐIN ÁN
ATHUGASEMDA**

Skattar á tekjur og hagnað eru í mörgum tilfellum áætlaðir á einstaklinga og lögaðila. Á árinu 2012 voru opinber gjöld (tekjuskattur og útsvar) áætluð við álagningu á 10.203 einstaklinga og 9.574 lögaðila samtals upp á 13,5 ma.kr. Í árslok nam þessi krafa 9,1 ma.kr.

Þó svo að upplýsingakerfi ríkisskattstjóra geti greint milli þess hluta tekjuskatts sem lagður er á samkvæmt framtölum og þess sem er áætlaður, þá getur það ekki sent þessar upplýsingar til tekjubókhaldskerfisins á sérlykli. Þrátt fyrir að reynt sé að taka tillit til áhrifa áætlana eftir því sem hægt er, skapar þessi framkvæmd hættu á að skatttekjur séu ofmetnar í ríkisreikningi.

Ríkisendurskoðun hefur ítrekað lagt áherslu á mikilvægi þess að hægt sé að sérgreina áætluð gjöld einstaklinga og lögaðila í tekjubókhaldskerfi ríkisins, ekki aðeins virðisaukaskatt og opinber gjöld heldur einnig aðra skatta. Gera þarf skattfyrvöldum kleift að bæta úr þessum annmörkum kerfisins.

**MIKILVÆGT AÐ HÆGT
SÉ AÐ SÉRGREINA
GJÖLDIN**

VIRÐISAUKASKATTUR

Endurskoðun virðisaukaskatts á árinu 2012 beindist, eins og fyrri ár, einkum að meðferð einstaklinga og lögaðila sem sættu áætlun. Skili framteljandi ekki skýrslum til skattfyrvalda ber skattstjóra að áætla tekjustofna hans og leggja á samkvæmt þeim. Á undanförunum árum hafa slíkar áætlanir skekkt verulega uppgjör virðisaukaskatts þó smám saman hafi dregið úr áhrifum þeirra. Reynslan sýnir að yfirleitt tekst aðeins að innheimta um 2% af heildarfjárhæð þessara áætlana á hverju ári. Þess vegna eru 98% þeirra ekki tekjufærðar og hafa því ekki veruleg áhrif á uppgjör virðisaukaskatts.

Endurskoðunin fólst m.a. í að yfirfara afstemmingu tekjukerfis við talningar frá RSK, afstemmingu tekjukerfis við bókhald auk endurreiknings og mats á niðurfærslu og áætlunum. Endurskoðunin var án athugasemda.

Verulega hefur dregið úr eftirstöðvum áætlana í virðisaukaskatti í tekjubókhaldskerfinu. Í árslok 2011 námu eftirstöðvar með dráttarvöxtum 32,1 ma.kr. en sambærilega tala fyrir árið 2012 er 23,0 ma.kr.

**VERULEGA DREGIÐ
ÚR EFTIRSTÖÐVUM**

ÞRÓUN VIRÐISAUKASKATTS – ÁHRIF INNSKATTS

Virðisaukaskattur hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum. Þetta hefur valdið umtalsverðum sveiflum í yfirliti ríkisreiknings þar sem sýndur er virðisaukaskattur af innfluttum vörum annars vegar og virðisaukaskattur af innlendra veltu hins vegar.

3.4 Virðisaukaskattur skv. ríkisreikningi í m.kr.

	2012	2011	Breyting	
			Fjárhæð	%
VSK AF INNFLUTTUM VÖRUM	138.987	132.912	6.075	4,6
VSK V/ KAUPA Á ÞJÓN. ERLENDIS FRÁ	2.893	1.923	970	50,4
VSK AF INNLENDUM VÖRUM OG ÞJÓN.	14.082	8.199	5.883	71,8
VIRÐISAUKASKATTUR, BRÚTTÓ	155.962	143.034	12.928	9,0

Ríkisreikningur ársins 2011 gaf þá mynd að virðisaukaskattur af innlendri vöru og þjónustu hefði dregist saman um 59,5%. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2011 er fjallað ítarlega um ástæður þessa. Þær má m.a. rekja til breytinga á skattaumhverfi stóriðjufyrirtækja.

Ríkisendurskoðun ítrekar þá skoðun sína að breyta þurfi framsetningu upplýsinga um virðisaukaskatt í ríkisreikningi til að veita betri upplýsingar um þróun virðisaukaskatts á milli ára.

TRYGGINGAGJALD

Tryggingagjald reiknast af heildarlaunum launamanna eða af reiknuðu endurgjaldi. Staðgreiðsluskýlt tryggingagjald tók nokkrum breytingum frá fyrra ári. Helstu breytingar voru þær að atvinnuþryggingagjald var lækkað úr 3,81% í 2,45% með hliðsjón af lækkandi atvinnuleysi. Á móti kom að almennt tryggingagjald var hækkað úr 4,54% í 4,99% til að styrkja afkomu ríkissjóðs. Þá var hlutur Fæðingarorlofssjóðs hækkaður úr 1,08% í 1,28% og var það gert til að vega upp uppsafnaðan halla sjóðsins á undanförunum árum. Enn fremur var gjald vegna Ábyrgðasjóðs launa hækkað um 0,05 prósentustig. Í heild höfðu þessar breytingar í för með sér 0,86 prósentustiga lækkun á tryggingagjöldum.

Stofn til útreiknings tryggingagjalds er fenginn frá skattyfirvöldum og byggir skiptingin á rauntölum árána 2009 til 2012 en eftirstöðvar í árslok 2009 eru láttnar gilda til skiptingar vegna eldri ára. Endurskoðunin fólst m.a. í því að athuga hvort breytingar hefðu orðið á hlut rétthafa, endurreikningi á hlutdeild miðað við stofna, afstemmingu bókhalds við tekjukerfi og skoðun á uppgjörum sem send voru til rétthafa.

3.5 Skipting tryggingagjalds á rétthafa 2012 í m.kr.

	EST 1/1	TEKJUR	AFSKRIFT	INNHEIMT	EST 31/12
ATVINNUL.TR.SJÓÐUR	4.069	20.262	-126	-21.551	2.654
TRYGG.SJ. SJÁLFST. ST.	1	124	0	-123	1
ÁBYRGÐARSJ. LAUNA	281	2.581	-12	-2.526	325
FÆÐINGARORLOFSSJ.	1.284	11.017	-51	-10.803	1.448
LÍFEYRIS- OG SLYSATR.	3.563	30.729	-135	-30.261	3.894
SLYSATR. SJÓMANNA	17	170	-1	-170	17
	9.216	64.882	-324	-65.434	8.339
LÍFEYRISJ., SA OG ASÍ	0	2.698	0	-2.698	0
ÚTFLUTNINGSRÁÐ	60	424	0	-425	59
STAÐLARÁÐ*	8	-2	0	-4	2
	9.283	68.003	-324	-68.561	8.400

* Hlutdeild féll niður 2009

Með lögum nr. 177/2006 var gerð sú breyting á tryggingagjaldi að hluta þess var ráðstafað til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða og nemur sá hluti 0,325% af stofni til tryggingagjalds. Kemur fram í lögnum að framlagið skuli greitt í október ár hvert og byggjast á upplýsingum um fjárhæð gjaldstofns tryggingagjalds næstliðins árs.

Uppgjör til lífeyrissjóðanna er með nokkuð öðrum hætti en til annarra rétthafa. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur litið svo á að þeir skuli eingöngu njóta leiðréttinga sem stafa af endanlegri álagningu gjaldsins ári eftir greiðslu. Þetta kemur m.a. fram í árlegri reglugerð um úthlutun og greiðslu fjárframlags til jöfnunar á örorkubyrði. Aðrir rétthafar fá leiðréttingu vegna allra breytinga sem verða á gjaldinu vegna fyrri ára. Þess vegna myndast ekki eftirstöðvar hjá lífeyrissjóðunum þar sem þeir eiga ekki kröfur á þær. Þá hefur uppgjörið þróast með þeim hætti að í sumum tilfellum er stuðst við rauntölur en í öðrum gildir hlutdeildarreglan.

Uppgjör tryggingagjalds er því orðið nokkuð flókið að mati Ríkisendurskoðunar og villuhætta töluverð. Ríkisendurskoðun beinir því til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að það kanni hvort ekki sé mögulegt að einfalda þetta uppgjör með lagabreytingu.

UPPGJÖR TRYGGINGAGJALDS FLÓKIÐ

AFSKRIFTIR OG NIÐURFÆRSLA

Gjaldfærðum afskriftum er skipt í beinar afskriftir, þar sem krafa er talin endanlega töpuð, og óbeinar afskriftir þar sem metið er hve hátt hlutfall kröfu verður hægt að innheimta og eftirstöðvar færðar niður sem mismuninum nemur. Gjaldfærðar afskriftir námu 5,2 ma.kr. árið 2012 en árið áður námu þær 14,4 ma.kr.

Forsendur og útreikningur óbeinna afskrifta voru yfirfarin án athugasemda. Innheimtu-merkingar krafna voru yfirfarnar og þeim skipt í flokka, eftir útgáfuári og stöðu innheimtuaðgerða. Kröfur frá árinu 2011 og fyrr voru færðar niður um 75–80%, eftir því hversu langt innheimtuaðgerðir eru komnar. Kröfur uppgjörsárs voru færðar niður um 40% miðað við sömu forsendur um innheimtu. Gjaldfærsla vegna óbeinna afskrifta var neikvæð um 12,3 ma.kr.

YFIRFERÐIN ÁN ATHUGASEMDA

AFSTEMMING MILLI KERFA

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) er miðlægt innheimtakerfi sem heldur utan um innheimtu á stærstum hluta ríkissjóðstekna. Kerfið skiptist í átta meginhluta sem innihalda m.a. innheimtakerfi, álagningarkerfi og bókhaldskerfi. Upplýsingar í TBR berast frá ýmsum stofnunum, s.s. ríkisskattstjóra, Tollstjóra og sýslumannsembættum, auk þess sem stofnanir senda álagningar til Fjársýslunnar sem sér um að færa þær í kerfið. Til að tryggja að upplýsingar í TBR séu réttar þarf því að stemma af reglulega.

Kerfi innan TBR eru afstemmd hvert við annað mánaðarlega sem og við önnur álagningarkerfi. Dagleg samskipti kerfanna eru stemmd af með óformlegum hætti. Ríkisendurskoðun yfirfer árlegar afstemmingar Fjársýslunnar og fær skýringar á frávikum. Skoðun á afstemmingum vegna ársins 2012 leiddi ekki ljós nein meiriháttar frávik.

SKATTSTYRKIR

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun vakið athygli á meðferð skattstyrkja í bókhaldi ríkisins, flokkun þeirra og lagaumhverfi. Í frumvörpum til fjárlaga fyrir árin



2011, 2012 og 2013 er sérstakur kafli um skattstyrki þar sem eðli þeirra og umfangi er lýst. Þar er einnig lýst eftirfarandi skoðun:

[...] með beitingu skattstyrkja verða mörkin á milli tekna og gjalda hjá hinu opinbera óskýrari og um leið verður skattkerfið ógagnsærra og flóknara. Ennfremur er tilhneiging til að viðhalda þeim mjög rík, jafnvel þótt upprunalegu rökin fyrir tilvist þeirra eigi ekki lengur við.

ER ÞÖRF Á AÐ SETJA SÉRSTAKA LÖGGJÖF UM SKATTSTYRKI?

Það var og er mat Ríkisendurskoðunar að Alþingi þurfi að skoða forsendur þess að setja sérstaka löggjöf um skattstyrki þar sem kveðið væri skýrt á um markmið skattafsláttu og þau væru vel skilgreind og mælanleg. Allar forsendur, athuganir og útreikningar sem lögð væru fyrir þingið þyrftu að vera ítarleg og skjalfest. Þá er lagt til að gildistími yrði í öllum tilfellum takmarkaður.

MARKAÐAR TEKJUR OG REKSTRARTEKJUR

EKKI SAMA FRAMSETNING Í FJÁRLÖGUM OG RÍKISREIKNINGI

Markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur eru ekki sýndar með sama hætti í fjárlögum og ríkisreikningi. Í fjárlögum eru þessar tekjur sýndar sem hluti af fjármögnun útgjalda en í ríkisreikningi eru þær tekjufærðar í ársreikningi viðkomandi aðila. Hjá tilteknum stofnunum hefur verið ákveðið að binda þann hluta markaðra tekna sem er umfram fjárlög og fjárukalög og er þeim stofnunum ekki heimilt að ráðstafa slíkum umframtekjum án samþykkis Alþingis. Þessi munur flyst því ekki á höfuðstól eins og hjá öðrum stofnunum eða fjárlagaliðum. Í árslok 2012 voru 19 fjárlagaliðir með slíkt svokallað bundið eigið fé, sbr. Eftirfarandi töflu:

3.6	Bundið eigið fé í árslok 2012 í m.kr.	JÁKVÆTT	NEIKVÆTT
	ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐUR	7.280	
	FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR	2.316	
	SAMGÖNGUVERKEFNI (VEGAGERÐIN)		16.329
	TRYGGINGASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGA	697	
	SKIPULAGSMÁL SVEITARFÉLAGA	1.659	
	MANNVIRKJASTOFNUN	1.461	
	OFANFLÓÐASJÓÐUR	9.275	
	UMFERÐARSTOFA	1.111	
	ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA	301	
	AÐRAR STOFNANIR (10)	1.640	
	SAMTALS	25.740	16.329

Neikvætt bundið eigið fé þýðir í raun að viðkomandi stofnun hefur ráðstafað framtíðartekjum sínum. Að mati Ríkisendurskoðunar getur ekki talist eðlilegt að stofnanir geti verið með neikvætt bundið eigið fé. Ítarlega er fjallað um neikvætt bundið eigið fé Vegagerðarinnar í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2009. Þar segir m.a. orðrétt:

EKKI EÐLILEGT AÐ STOFNANIR GETI VERIÐ MEÐ NEIKVÆTT BUNDIÐ EIGIÐ FÉ

Brýnt er að aflétta því mikla ógagnsæi sem einkennir meðferð markaðra tekna og bundins eigin fjár. Setja þarf verklagsreglur um fjárlagagerð sem útiloka þær röngu vinnuáðferðir sem m.a. var beitt við uppgjör Samgönguverkefna á árunum 2008 og 2009. Breyta þarf reikningsskilareglum á þann veg að bundið eigið fé geti aldrei orðið neikvæð stærð og að A-hluta stofnunum verði tryggð eðlileg fjármögnun útgjalda með greiðslum úr ríkissjóði þegar markaðar tekjur duga ekki til.

Athugasemdir voru síðan endurteknaðar í skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árin 2010 og 2011. Þrátt fyrir það var sama verklagi haldið á árinu 2012 og sem fyrr segir nam neikvætt bundið eigið fé Samgöngustofu (Vegagerðarinnar) rúmum 16 ma.kr. í árslok 2012.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2012 (Júlí 2013) er sérstaklega fjallað um markaðar tekjur og bundið eigið fé. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að skoða þurfi forsendur fjárveitinga til fjárlagaliða með markaðar tekjur, rétta af stöðu fjárlagaliða með neikvætt bundið eigið fé og draga sem mest úr mörkun tekna.

3.1.5 HLUTDEILD LÍFEYRISSJÓÐA Í SÉRSTÖKUM VAXTANIÐURGREIÐSLUM HEIMILA

Á árinu 2011 samþykkti Alþingi lög nr. 156/2011 þar sem m.a. var útfærð fjármögnun lífeyrissjóða í sérstakri vaxtaniðurgreiðslu heimila. Áttu gjaldskyldir aðilar greiða sérstakt gjald í ríkissjóð við álagningu opinberra gjalda 2012 og 2013 vegna áranna 2011 og 2012. Greiða átti fyrirfram upp í álagt gjald 31. desember 2011 og var gert ráð fyrir 1,4 ma.kr. tekjum í fjárlögum ársins 2011 vegna þessa.

Í febrúar 2012 undirrituðu fjármálaráðuneyti og lífeyrissjóðir minnisblað þar sem farið var yfir niðurstöður viðræðna milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og stjórnvalda um fjármögnun á framlagi lífeyrissjóða vegna sérstakra vaxtabóta. Samkomulag náðist um að lífeyrissjóðirnir tækju þátt í útboðum Seðlabanka Íslands með tilboðum um að kaupa með erlendum gjaldeyri svokallaðar aflandskrónur og nota þær til kaupa á ríkisskuldabréfum í íslenskum krónum. Þannig myndu lífeyrissjóðirnir styðja við aðgerðir stjórnvalda sem miða að því að aflétta gjaldeyrishöftum sem fyrst. Hagnaði ríkisins af þessum gjaldeyrisútboðum myndi verða ráðstafað til að mæta hluta lífeyrissjóðanna í fjármögnun sérstakra vaxtaniðurgreiðslna heimila vegna áranna 2011 og 2012.

Þrátt fyrir að markmið samkomulags stjórnvalda og lífeyrissjóðanna um þátttöku þeirra í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans hafi ekki gengið eftir hvað varðar fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð var það niðurstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins að réttlæt看legt væri að fella niður síðari greiðslu lífeyrissjóðanna til fjármögnunar sérstakra vaxtabóta. Var það gert með lögum nr. 146/2002.

**MINNISBLAÐ
UNDIRRITAÐ Í
FEBRÚAR 2012**

**RÁÐUNEYTIÐ TALDI
RÉTTLÆTANLEGT AÐ
FELLA NIÐUR SÍÐARI
GREIÐSLUNA**

4 ENDURSKOÐUN GJALDA Í A-HLUTA

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun en samkvæmt henni skal fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu miða að því að:

- Reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju
- Kanna innra eftirlit og hvort það tryggi viðunandi árangur
- Reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við
- Kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Endurskoðunaráætlun ársins byggði á niðurstöðum áhættugreiningar á rekstri og efnahag stofnana og annarra fjárlagaliða. Slík greining miðar m.a. að því að skilgreina þá liði og þætti í rekstri sem mesta þýðingu hafa fyrir niðurstöðu reikningsskilanna í heild. Með því að beina endurskoðun að þessum liðum og þáttum er lagður grunnur að áritun endurskoðandans á reikningsskilin. Þessi aðferðafræði kallast „áhættu-grunduð endurskoðun“ (e. *risk-based auditing*).

4.1 AÐ REIKNINGSSKIL GEFI GLÖGGA MYND

Endurskoðun útgjalda ríkissjóðs fól m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem birtast í ríkisreikningi. Við endurskoðunina var einnig farið yfir þær reikningsskilaaðferðir og matsreglur sem beitt er við gerð ríkisreiknings og framsetningu hans í heild.

Lögð var áhersla á að endurskoða þá fjárlagaliði sem voru með mest útgjöld og var þeim skipt með þeim hætti sem sést í töflu 4.1.

4.1 Útgjaldaliðir skv. ríkisreikningi 2012 í m.kr.						
FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	2012	%	FJÖLDI	2011	%
YFIR 1.000 M.KR.	80	463.710	82,6	75	475.070	82,5
500–1.000 M.KR.	72	51.112	9,1	70	51.320	8,9
UNDIR 500 M.KR.	279	46.899	8,4	294	49.558	8,6
SAMTALS	431	561.721	100,0	439	575.948	100,0

Um miðjan september höfðu 118 fjárlagaliðir verið endurskoðaðir og námu útgjöld þeirra samtals 398,1 ma.kr. Endurskoðun fjölmargra verkefna stendur enn yfir en almennt lýkur endurskoðun viðkomandi árs ekki fyrr en um mánaðamótin október/

nóvember. Þá endurskoðar Ríkisendurskoðun 13 fyrirtæki í B–E-hluta auk dótturfélaga þar sem það á við. Þá eru ýmsar staðfestingar á reikningskilum og öðrum upplýsingum sem ríkisaðilar þurfa að skila vegna ESB-verkefna vaxandi þáttur í starfseminni.

Ljóst er að áhættugrunduð endurskoðun, sem lýst er hér að framan, leiðir til þess að fjölmargir fjárlagaliðir fá ekki árlega endurskoðun. Jafnvel geta liðið þrjú ár eða meira án þess að endurskoðun fari fram á einstökum liðum. Þetta á einkum við um liði þar sem rekstrarumfang er tiltölulega lítið. Ekki verður fram hjá því litið að töluverð áhætta getur fylgt því að endurskoða ekki alla fjárlagaliði árlega. Hætta á að eitthvað fari úrskaiðis í bókhaldi eða rekstri er jafnan meiri hjá litlum stofnunum en þeim sem stærri eru. Ástæðan er sú að virku innra eftirliti verður ekki ávallt við komið í minni stofnunum vegna fámennis eða annarra aðstæðna.

**VIRKU INNRA
EFTIRLITI EKKI ÁVALLT
VIÐ KOMIÐ Í MINNI
STOFNUNUM**

Ríkisendurskoðun stefnir að breyttum áherslum í áhættugreiningu á næstu árum til að ná því markmiði að allir fjárlagaliðir verði endurskoðaðir eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

4.2 INNRA EFTIRLIT

Ríkisendurskoðun hefur lagt mikla áherslu á að ríkisstofnanir efla hjá sér innra eftirlit og skjalfesti það. Mikilvægt er að skjalfesta verkferla til að tryggja að starfsmenn þekki þá og að vandamál skapist ekki þegar lykilstarfsmenn hætta störfum eða fara í sumarfrí. Á heimasíðu stofnunarinnar má finna [Leiðbeiningar um skjalfestingu innra eftirlits fyrir stofnanir í A-hluta](#) og hafa stofnanir nýtt sé þær. Styrkleiki innra eftirlits ræður miklu um það hversu umfangsmikil endurskoðunin þarf að vera á hverjum tíma.

Ríkisendurskoðun telur að mikið hafi áunnist í skjalfestingu innra eftirlits hjá ríkisstofnunum í heild. Hún hvetur stofnanir til að yfirfara verklagsreglur og áhættugreiningu með reglubundnum hætti til að innra eftirlitið virki eins og til er ætlast og beinist ávallt að mikilvægustu þáttunum í rekstri stofnana.

**MIKIÐ ÁUNNIST Í
SKJALFESTINGU
INNRA EFTIRLITS**

4.3 SAMRÆMI VIÐ LÖG OG REGLUR

Allar stofnanir ríkisins þurfa að hlíta ýmsum lögum, reglum og fyrirmælum sem gilda um rekstur ríkisins. Má þar nefna lög um opinber innkaup, reglur um ferðakostnað, risnu og gjafir, reglur um útboð, reglur um lánsviðskipti og framkvæmd fjárlaga. Það fer eftir eðli stofnunar eða fjárlagliðar hversu mikil áhersla er lögð á einstaka þætti.

Samhliða árlegri fjárhagsendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun á undanförunum árum kannað fylgni stofnana við valdar reglur og fyrirmæli sem þeim er ætlað að fylgja. Hefur í þessu sambandi verið rætt um „áhersluatriði við endurskoðun“. Ekki var þó um slík áhersluatriði að ræða í tengslum við endurskoðun ársins 2012. Engu að síður var við endurskoðun einstakra stofnana kannað hvort þær fylgdu lögum og reglum varðandi einstaka þætti í rekstri þeirra.

Ríkisendurskoðun ítrekar þá ábendingu sína úr skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2011 að öll lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli sem gilda um rekstur og reikningshald ríkisins verði gerð aðgengileg á einum stað.

4.4 FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR

4.4.1 BREYTING Á RÁÐUNEYTUM 2012

Hinn 1. september 2012 tók gildi ný skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þá tóku til starfa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þessi ráðuneyti komu í stað iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Í ríkisreikningi ársins 2012 er miðað við þessa nýju skipan og samanburður við fyrra ár tekur einnig mið af þessari breytingu.

4.4.2 NIÐURSTAÐA RÍKISREIKNINGS

Heildargjöld ríkissjóðs á árinu 2012 námu 561,7 ma.kr. sem er 5,4 ma.kr. lægri fjárhæð en heildarfjárheimild ársins gerði ráð fyrir. Gjöldin lækkuðu um 14,2 ma.kr. frá fyrra ári og ræður þar mestu 19,3 ma.kr. lækkun á tilfærslum vegna uppgjörðs á SpKef sparísjóði. Þá lækkuðu framlög til atvinnuvega og byggðamála um 10,5 ma.kr. og kostnaður vegna sjúkrahúsa og heilsugæslu lækkaði um 2,7 ma.kr. frá fyrra ári.

Í ríkisreikningi er birt yfirlit yfir ráðstöfun gjalda á árinu 2012. Þetta yfirlit gefur góða mynd af því hvaða þættir í rekstri ríkisins fara mest fram úr fjárheimildum.

4.2 Ráðstöfun gjalda árið 2012 í ma.kr.

	REIKN.	HEIMILD	FRÁVIK
ÆÐSTA STJÓRNSÝSLA OG RÁÐUNEYTI	20,2	23,2	3,1
RÍKISSTOFNANIR	156,4	157,4	1,0
LÍFEYRISSKULDBINDINGAR	9,7	6,4	-3,3
FRAMKVÆMDIR	15,4	21,8	6,5
KEYPT ÞJÓNUSTA	41,4	40,0	-1,3
FJÁRFRAMLÖG OG STYRKIR	238,1	237,3	-0,8
SÉRTÆK GJÖLD, VAXTAGJÖLD O.FL.	80,6	80,9	0,3
SAMTALS	561,7	567,1	5,4

Eins og tafla 4.4 ber með sér er ágætt jafnvægi í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana en frávikin eru stærst í lífeyrisskuldbindingum og framkvæmdum. Innan ríkisstofnana er það flokkurinn *Sjúkrahús og heilsugæsla* sem fer mest fram úr eða 3,9 ma.kr. Um 3,1 ma.kr. má rekja til uppsafnaðrar neikvæðrar stöðu Landsspítalans.

4.4.3 ALMENNT UM FJÁRHEIMILDIR

Skv. reglugerð um framkvæmd fjárlaga er fjárheimild skilgreind þannig að hún samanstandi af útgjöldum að frádregnum sértekjum stofnana skv. fjárlögum, millifærslum af safnliðum, launa- og verðlagsbótum, fjáraukalögum, auk innstæðna eða skulda sem færast á milli ár. Ársáætlun stofnana skal rúmast innan fjárheimilda. Í rekstrarreikningi stofnana kemur síðan fram fjárheimild ársins sem innifelur þá þætti sem að ofan greinir að undanskildum innstæðum og skuldum frá fyrra ári en staða þeirra endurspeglast í höfuðstól stofnunarinnar og þarf að taka tillit til þess til að meta árangur stofnana gagnvart fjárheimildum.

HEILDARGJÖLDIN
NÁMU 561,7 MA.KR.

ÁGÆTT JAFNVÆGI Í
REKSTRI RÁÐUNEYTA
OG STOFNANA

Innan ársins getur síðan myndast dulin fjárheimild í þeim tilfellum sem markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur eru hærrí en áætlun fjárlaga. Þessi heimild verður almennt ekki virk fyrr en lokafjárlög hafa verið samþykkt löngu eftir að rekstrarárinu lýkur. Hjá tilteknum stofnunum hefur verið tekin sú ákvörðun að færa þennan mismun á bundið eigið fé.

Í ríkisreikningi er fjárheimild skv. séryfirliti 2 skilgreind með sama hætti og fram kemur í fyrrnefndri reglugerð og er samsetning hennar sýnd í séryfirliti 5.

4.4.4 FJÁRHEIMILDIR 2012

Í fjárlögum ársins 2012 voru veittir alls 543,7 ma.kr. til gjalda í A-hluta ríkissjóðs. Ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári námu 18,9 ma.kr. en umframgjöld frá fyrra ári námu 6,9 ma.kr. Fjárukalög 2012 voru afgreidd frá Alþingi 19. nóvember 2012. Í þeim voru fjárheimildir tiltekinna liða auknar um 17,1 ma.kr. en heimildir annarra liða lækkaðar um 5,7 ma.kr. Eftirfarandi tafla sýnir uppruna fjárheimilda 2012.

**ÓNÝTTAR
FJÁRHEIMILDIR NÁMU
18,9 MA.KR.**

4.3 Uppruni fjárheimilda 2012 í m.kr.		
	FJÖLDI FJÁRLAGALIÐA	FJÁRHÆÐIR
FJÁRHEIMILDIR SKV. FJÁRLÖGUM 2012	415	543.689
ÓNÝTTAR FJÁRHEIMILDIR FRÁ FYRRA ÁRI	221	18.917
UMFRAMGJÖLD FRÁ FYRRA ÁRI	78	-6.894
AUKNAR FJÁRHEIMILDIR SKV. FJÁRAUKALÖGUM 2011	72	17.062
SKERTAR FJÁRHEIMILDIR SKV. FJÁRAUKALÖGUM 2011	21	-5.677
SAMTALS		567.097

Fjárlög og fjárukalög sýna því ekki endanlegar fjárheimildir einstakra stofnana og fjárlagaliða. Skýringin á því er þríþætt. Í fyrsta lagi bætist við eða dregst frá staða fjárheimilda frá fyrra ári. Í öðru lagi hafa markaðar tekjur og rekstrartekjur áhrif á endanlega fjárheimild víki niðurstaða þeirra verulega frá áætlun fjárlaga. Sem dæmi má nefna að markaðar tekjur árið 2012 urðu 5,4 ma.kr. hærrí en áætlun fjárlaga og fjárukлага gerði ráð fyrir. Í þriðja lagi koma til millifærslur fjárheimilda milli fjárlagaliðaliða. Í lokafjárlögum er m.a. veitt heimild til að nýta markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur sem voru umfram áætlun fjárlaga.

ÞRÍÞÆTT SKÝRING

Tafla 4.4 sýnir gjöld A-hluta ríkissjóðs í samanburði við stöðu samþykktra fjárheimilda eftir ráðuneytum í lok árs 2012 eftir að fjárukalög ársins höfðu verið samþykkt. Taka skal fram að fjárheimild tekur ekki til stöðu bundins eigin fjár sem hefur þau áhrif t.d. að neikvæð staða liðarins *Samgönguverkefni* (Vegagerðin) kemur ekki fram en hún nam 15,7 ma.kr. í árslok 2012.

4.4 Fjárheimildir og gjöld A-hluta ríkissjóðs 2012 í m.kr.				
	FJÁRHEIMILD	REIKN.	FRÁVIK UNDIR FJÁRHEIMILD	FRÁVIK YFIR FJÁRHEIMILD
ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS	4.355	4.301	143	-90
FORSÆTISRÁÐUNEYTI	1.198	901	297	0
MENNTA- OG MENN.M.RN	66.083	62.935	4.420	-1.272
ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTI	11.572	10.027	1.545	0
ATV.V. OG NÝSKÖPUNARRN..	34.331	30.750	4.654	-1.073
INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	65.614	66.519	1.871	-2.776
VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ	229.470	241.380	3.960	-15.871
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	66.467	60.044	11.265	-4.841
UMHVERFISRÁÐUNEYTI	11.478	9.240	2.351	-113
VAXTAGJÖLD RÍKISSJÓÐS	76.530	75.624	906	0
SAMTALS	567.097	561.721	31.412	-26.036

**SKÝRSLUR UM
HÓLASKÓLA OG
LANDBÚNAÐAR-
HÁSKÓLANN**

Hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu má rekja neikvæða stöðu að mestu til tveggja fjárlagaliða. Staða Landbúnaðarháskóla Íslands gagnvart fjárheimildum er neikvæð um 402 m.kr. og staða Hólaskóla – Háskólans á Hólum er neikvæð um 184 m.kr. Báðir þessir skóla hafa glímt við fjárhagsvanda á undanförunum árum og hefur Ríkisendurskoðun gert grein fyrir vandamálum þeirra í sérstökum skýrslum, nú síðast í mars 2012 þar sem fjallað var um fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands.⁷ Í nóvember 2011 var gefin út skýrsla um Hólaskóla.⁸

Hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti skýrist neikvæð staða fyrst og fremst af stöðu Fóðursjóðs en hún var neikvæð um 828 m.kr. í árslok. Þar sem þetta er gegnumstreymissjóður leiðréttist þessi staða í lokafjárlögum ársins 2012. Fóðursjóður var lagður niður með lögum nr. 160/2012.

**BRÝNT AÐ
NIÐURSTAÐA FÁIST Í
MÁLINU**

Hjá innanríkisráðuneytinu er það aðallega einn liður sem skýrir neikvæða stöðu. Um er að ræða fjárlagliðinn *Flugvellir og leiðsögutæki* en þar er staðan neikvæð um 1,3 ma.kr. Ástæðan er niðurfelling markaðra tekna sem ætlað var að standa undir framkvæmdum við Akureyrarflugvöll. Um þetta mál er fjallað í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2011 (bls. 61) og í skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2012.⁹ Ríkisendurskoðun telur brýnt að niðurstaða fáist í málinu.

Hjá Velferðarráðuneytinu skýra þrjú liðir stærstan hluta af neikvæðri stöðu fjárlagaliða hjá ráðuneytinu. Í fyrsta lagi er það niðurfærsla á eigið fé Íbúðarlánasjóðs að fjárhæð 7,1 ma.kr., í öðru lagi 3,1 ma.kr. neikvæð staða Landspítalans, en um hann hefur ítrekað verið fjallað áður í skýrslum ríkisendurskoðunar, og í þriðja lagi er það 1,2 ma.kr. neikvæð staða fjárlagaliðarins *Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans*. Varðandi síðasta liðinn þá ákvað Alþingi með lögum nr. 53/2013 að byggingin skyldi verða opinber framkvæmd. Í framhaldi af því var ákveðið að gjaldfæra eignfærðan

⁷ http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/fjarmalastjorn_landbun_haskola_Islands_2.pdf

⁸ <http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/holaskoli.pdf>

⁹ http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Framkvaemd_fjarlaga_2012.pdf

stofnkostnað sem féll til fyrir gildistöku laganna og fella á móti niður lán að sömu fjárhæð, sem ríkissjóður hafði áður veitt Nýjum Landsspítala ohf. Þar sem þessi ákvörðun var tekin eftir áramót voru ekki fyrir hendi gjaldaheimildir á árinu 2012.

Hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu eru það aðallega tveir liðir sem skýra neikvæða stöðu fjárlagaliða innan ráðuneytisins. Annars vegar neikvæð staða lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð 3,3 ma.kr. og hins vegar neikvæð staða fjárlagaliðarins *Niðurfærsla eignarhluta og hlutafjár* að fjárhæð 1,4 ma.kr. en nánar eru fjallað um þessa niðurfærslu í skýringu 36 í ríkisreikningi.

Hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu standa tvær stofnanir að baki stærstum hluta af neikvæðri stöðu fjárlagaliða. Neikvæð staða Vatnajökulsþjóðgarðar nemur 54 m.kr. og neikvæð staða Umhverfisstofnunar nemur 40 m.kr.

4.5 ENDURSKOÐUN EINSTAKRA STOFNANA

Ekki er hægt að skilgreina ríkisreikning sem samstæðureikning þar sem innbyrðis viðskipti eru ekki nema að litlu leyti tekin út. Vottun á þeim útgjöldum sem birtast í ríkisreikningi byggir því á endurskoðun einstakra fjárlagaliða og eins og fram hefur komið er markmiðið að endurskoða það stóran hluta af útgjöldum ríkisins að hægt sé að votta réttmæti þeirra í ríkisreikningi.

Niðurstöður endurskoðunar hjá einstökum stofnunum hafa ekki verið gerðar opinberar og fram á mitt ár 2013 voru afrit af endurskoðunarbréfum til þeirra aðeins send til viðkomandi ráðuneytis og Fjársýslu ríkisins. Þá var tekin sú ákvörðun að senda fjárlaganefnd afrit af endurskoðunarbréfum. Var það gert sem liður í að móta reglur um með hvaða hætti best væri að upplýsa fjárlaganefnd um niðurstöður endurskoðunar hjá einstökum stofnunum. Enn hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort þessi háttur verði hafður á til frambúðar. Eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings hefur stofnunin haft það til skoðunar að birta allar endurskoðunarskýrslur á heimasíðu sinni en endanleg ákvörðun um það hefur ekki verið tekin.

Almennt eru gerðar litlar athugasemdir við réttmæti reikningsskila A-hluta stofnana enda eru þau yfirleitt tiltölulega einföld gjaldyfirlit þar sem öll eignakaup, fjárfestingar og ýmsir fjármálagerningar ríkisins eru færð til gjalda en ekki á efnahagsreikning. Endurskoðunin beinist því aðallega að ýmsum þáttum í rekstri stofnana, t.d. að rekstur sé í samræmi við fjárlög og aðrar reglur sem gilda um útgjöld ríkisins, innheimtuferlum og innra eftirliti.

Hér á eftir eru birtar helstu ábendingar sem hafa komið fram í endurskoðunarskýrslum til þess tíma sem þessi skýrsla er gefin út. Ef neðangreint yfirlit er borið saman við samskonar yfirlit sem birt var í skýrslunni um endurskoðun ríkisins 2011 má sjá að mörg atriði í þessum töflum eru nánast eins, þ.e.a.s. gerðar eru athugasemdir við sams konar atriði hjá öðrum eða sömu stofnunum og gerðar voru í fyrra.

**FJÁRLAGANEFND FÆR
NÚ AFRIT AF ÖLLUM
ENDURSKOÐUNAR-
BRÉFUM**

**ALMENNT LITLAR
ATHUGASEMDIR
GERÐAR**

HELSTU ÁBENDINGAR Í ENDURSKOÐUNARBRÉFUM ÁRSINS 2012

Ástand / vandamál	Viðmið	Áhrif/hugsanl. afleiðingar	Niðurstaða
Eignaskrá hefur ekki verið uppfærð eða henni er áfátt að öðru leyti.	Í 15. laga um fjárreiður ríkisins segir: „Árlega skal halda sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðuð eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi.“	Yfirlit um eignir sem birtast í ríkisreikningi er ekki rétt ef eignaskrár ríkisstofnana eru ekki réttar. Einnig kunna hnökur á eignaskrá að vera vísbending um að eignaumsýsla sé ekki í lagi og getur slíkt leitt til taps fyrir ríkið.	Efla þarf þekkingu starfsmanna á eignakerfi Orra. Uppfæra þarf eignaskrár stofnana þar sem það hefur ekki verið gert og sjá til þess að þeim sé viðhaldið.
Meðal útistandandi krafna eru kröfur sem ljóst er að eru (1) vart innheimtanlegar eða (2) ekki hefur verið lögð áhersla á að innheimta.	Góð fjármálastjórn felst m.a. í því að útistandandi kröfur séu ávallt afstemmdar og í innheimtufærli.	Ríkisstofnanir gætu tapað kröfum ef innheimtu þeirra er ekki sinnt nægilega vel.	Útistandandi kröfur skulu alltaf vera afstemmdar og í innheimtufærli.
Rekstur stofnunar er umfram fjárheimildir.	Alþingi fer með fjárstjórnarvald ríkisins skv. stjórnarskrá, sbr. einnig 49. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997.	Ákvarðanir Alþingis eru ekki virtar. Hallarekstur stofnana og hugsanlega óásættanleg skuldaför þeirra.	Stofnunum ber að halda sig innan heimilda fjárlaga.
Eigið fé stofnunar er neikvætt.	Neikvætt eigið fé er ekki ásættanlegt þar sem viðkomandi aðili er þar með tæknilega gjaldþrota.	Rekstrarstöðvun á næsta ári vegna fjárskorts. Stofnun ófær um að sinna öllum lög- bundnum skyldum sínum.	Fagráðuneyti verða að taka á þessum vanda stofnana. Óska eftir meiri fjárheimildum eða leysa vandann með öðrum hætti.
Lýsingum á innra eftirliti er áfátt.	Í 7. gr. laga um bókhald nr. 145/1994.	Meiri hætta á mistökum og mögulegu tjóni og að stofnanir nái ekki markmiðum sínum. Nýir starfsmenn eiga erfiðara með að setja sig inn í störfin en ella og skilja til hvers er ætlast af þeim í starfi.	Bæta úr skriflegum lýsingum á innra eftirliti.
Formlegar verklagsreglur eru ekki til staðar eða ekki unnið í samræmi við þær.	Góð stjórnýsla á að byggja á formlegum verklagsreglum.	Ógagnsæ og óskýr stjórnýsla. Gæti leitt til óheimilla útgjalda eða rangra ákvarðana.	Setja þarf formlegar verklagsreglur þar sem slíkar reglur eru ófullkomnar eða eru ekki til staðar og tryggja að þeim sé fylgt.
EKKI aðgreining milli starfa bókara og gjaldkera.	Eðlileg aðgreining starfa.	Hætta á að mistök uppgötvist ekki. Byður heim möguleika á fjármálamisferli og tjóni því samfara.	Koma þarf á eðlilegri aðgreiningu starfa. Ef slíkri aðgreiningu verður ekki við komið vegna smáðar stofnunar ætti hún að útvísta hlutverki gjaldkera og jafnvel bókara til Fjársýslu ríkisins sem veitir stofnunum bókhalds- og greiðsluþjónustu og tryggir þar með eðlilega starfaskiptingu.
Færslur ekki bókaðar á rétt ár.	Grunnregla í bókhaldi á rekstrargrunni að kostnaður sé bókaður á því ári sem hann fellur til.	Lotun kostnaðar ekki rétt. Ef um háar fjárhæðir er að ræða getur þetta haft áhrif á hvort reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri og efnahagi.	Fara þarf vel yfir tekjur og gjöld um áramót til að tryggja rétta lotun þeirra.
Ráðningarsamningar ekki til staðar eða ófullnægjandi.	Gera skal formlegan ráðningarsamning við starfsmenn sem hefja störf hjá ríkisstofnunum þar sem fram komi m.a. umsamin launakjör.	Hugsanlega getur komið upp ágreiningur milli starfsmanns og stofnunar um kaup og kjör ef ekki er skýr ráðningarsamningur fyrir hendi.	Gera skal formlega ráðningarsamninga við starfsmenn ríkisstofnana. Breytingar á launakjörum samkvæmt ráðningarsamningi skulu ávallt liggja fyrir í launamöppu starfsmanna og sýna launakjör á hverjum tíma.

Ástand / vandamál	Viðmið	Áhrif/hugsanl. afleiðingar	Niðurstaða
Dæmi eru um að erlendir söluaðilar leggi ekki á íslenskan virðisaukaskatt vegna sölu á rafrænni þjónustu til íslenskra aðila. Sérstaklega á þetta við vöru og þjónustu sem keypt er á Netinu gegnum rafræn viðskipti erlendis frá, og varan eða þjónustan er höluð niður eða veitt í gegnum Netid.	35. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum. Erlendir söluaðilar þjónustu sem veitt er rafrænt og eru með heimilsfesti eða fasta starfsstöð erlendis gerðir skilaskyldir vegna sölu á rafrænni þjónustu til óskráðra aðila hér á landi.	Virðisaukaskattgreiðslur ríkisaðila hafa ekki mikil fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð, þar sem virðisaukaskattur er tilfærsla milli stofnana. Hins vegar gefur þetta vísbendingar um að erlendum söluaðilum sé ekki kunnugt um ákvæði íslenskra laga í þessu efni eða hafi ákveðið að fylgja þeim ekki. Ljóst er að framkvæmd þessara lagaákvæða er erfið þar sem verið að gera kröfu á erlenda söluaðila.	Framkvæmd 35. gr. virðisaukasattsлага virðist vera áfátt í einhverjum tilvikum.
Stofnanir þurfa að vanda vel til áætlanagerðar og tryggja að þær séu gerðar í samræmi við góðar venjur ríkisstofnana.	7. og 8. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.	Ónákvæm áætlanagerð getur leitt til stórra óþarfa frávika frá heimildum fjárlaga.	Vanda þarf gerð fjárhagsáætlana.

5 AÐILAR UTAN A-HLUTA

Samkvæmt fjárreiðulögum skal færa eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum til eignar á upphaflegu kaupverði að viðbættum framlögum ef um þau er að ræða. Í skýringu 36 í ríkisreikningi er sýnd bókfærð eign í árslok í fyrirtækjum og stofnunum utan A-hluta. Einnig eru í ríkisreikningi sýndar lykiltölur úr ársreikningum þessara aðila, svo sem um afkomu og eiginfjárstöðu.

TVÆR UNDANTEKNINGAR FRÁ REGLUNNI

Tvær undantekningar eru frá framangreindri reglu. Annars vegar þegar um er að ræða eignarhluta í lánastofnunum sem gegna félagslegu hlutverki. Hins vegar þegar um er að ræða eignarhluta í tryggingasjóðum sem hafa það hlutverk að bæta fyrir eignatjón af völdum náttúruhamfara eða önnur stórtjón. Eignarhlutir í slíkum aðilum eru ekki færðir til eignar í ríkisreikningi. Þessi tvö frávik frá meginreglu fjárreiðulaganna hefur ríkisreikningsnefnd skilgreint eins og fram kemur í skýringum ríkisreikningsins.

Heildarfjárhæð eignarhluta í árslok nam 298 ma.kr samanborið við 303 ma.kr. árið áður. Lækkunin skýrist af niðurfærslu eignarhluta í Íbúðalánasjóði og framlagi til Byggðastofnunar á árinu. 87% af heildarverðmæti bókfærðra eignarhluta í árslok eða samtals 260 ma.kr. eru þrír eignarhlutar: í Landsbankanum hf. (122 ma.kr.), Seðlabanka Íslands (78 ma.kr.) og Landsvirkjun (60 ma.kr.)

HLUTA VERKEFNANNA ÚTVISTAD

Ríkisendurskoðun hefur samið við endurskoðunarfyrirtæki um endurskoðun ákveðinna B-, C-, og D-hluta aðila og hlutafélaga sem eru í meirihlutaeign ríkissjóðs. Kannað var hvort áritanir endurskoðenda væru án fyrirvara og hvort í áritun væri sérstök ábending. Einnig var farið yfir hvort mikilvægar athugasemdir kæmu fram í endurskoðunarbréfum. Þá var eign í ríkisreikningi og skráð eigið fé í ársreikningi viðkomandi aðila borið saman. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður þessarar athugunar.

RÍKISFYRIRTÆKI Í B-HLUTA

Þrjú fyrirtæki eru í B-hluta ríkisreiknings og er bókfærð staða eignarhluta ríkisins í þeim óbreytt frá fyrra ári. Eignarhlutir B-hluta eru skráðir í ríkisreikningi á 1,5 ma.kr. og er eignarhlutur í ÁTVR langstærstur eða 1,4 ma.kr. Engir fyrirvarar eða ábendingar komu fram í áritun endurskoðanda.

LÁNASTOFNANIR Í C-HLUTA

Sex lánastofnanir eru í C-hluta ríkisreiknings. Eignarhlutir í Lánasjóði íslenskra námsmanna og Bjargráðasjóði eru ekki færðir til eignar í ríkisreikningi eins og að framan var rakið en eigið fé þessara lánastofnana nam samtals 74,4 ma.kr. í árslok 2012. Eignarhlutir annarra lánastofnana í C-hluta eru skráðir í ríkisreikningi á 6,4 ma.kr. og

lækkuðu um 5,1 ma.kr. á árinu. Munar þar mestu um niðurfærslu eignarhlutans í Íbúðalánasjóði en til hækkunar er 2 ma.kr. framlag til Byggðastofnunar. Þá hækkar eignarhlutur í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins um 214 m.kr vegna framlags á árinu.

42-872 LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Afkoma Lánasjóðs Íslenskra námsmanna á árinu 2012 var mun betri en reiknað var með í fjárlögum. Þar var gert ráð fyrir að tekjuafgangur yrði tæpir 4,6 ma.kr. en í reynd varð hann 7,6 ma.kr. Rétt er að taka fram að þessi mikli tekjuafgangur sjóðsins stafar af því hvernig bókun veittra námslána er háttað í reikningsskilum hans. Námslán eru veitt með 1% vöxtum og eru þau því að hluta til námsstyrkur í formi niðurgreiddra vaxta. Veitt námslán eru hins vegar ekki færð til núvirðis með tilliti til þessa í efnahagsreikningi sjóðsins heldur er gerð grein fyrir þessu atriði í skýringum í reikningsskilunum. Útkoman varð mun betri en ráð var fyrir gert í fjárlögum, ólíkt því sem t.a.m. var á árinu 2011 en þá þurfti að taka tillit til aukinna greiðsluferfiðleika og vanskila lánþega eftir bankahrunið. Skýringar á betri afkomu á árinu 2012 eru þær að veitt námslán voru lægri en ráð var fyrir gert í fjárlögum en tæplega 500 færri námsmenn fengu námslán en áætlað hafði verið. Verðbólga var meiri en reiknað hafði verið með sem varð til þess að bæði fjármunatekjur og fjármagnsgjöld urðu hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Framlag í afskriftasjóð útlána var lægra en fjárlög gerðu ráð fyrir en skýringu á því má rekja til hagstæðari þróunar á endurgreiðslum námslána en ráð var fyrir gert og minna taps vegna greiðsluferfiðleika lántakenda en áður hafði verið áætlað.

**AFKOMAN MUN
BETRI EN REIKNAÐ
VAR MEÐ**

Eigið fé LÍN í árslok nam 74,3 ma.kr. skv. ársreikningi sjóðsins sem endurskoðaður er af PWC ehf. Áritun endurskoðenda er fyrirvaralaus og án sérstakra ábendinga.

48-201 ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR

Samkvæmt ríkisreikningi nam bókfærður eignarhlutur ríkisins í ársbyrjun 7,1 ma.kr. en var á árinu 2012 færður niður að fullu. Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi sjóðsins nemur eigið fé 14,7 ma.kr. Tap á rekstri sjóðsins á árinu 2012 nam 7,9 ma.kr. en fjárlög gerðu ráð fyrir 1,3 ma.kr. tapi.

Áritun endurskoðandans, KPMG ehf., er án fyrirvara en þar kemur þó fram eftirfarandi ábending:

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við benda á að eiginfjárlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, er 3,2% í árslok 2012 þegar tekið hefur verið tillit til stofnfjárloforðs, sjá skýringu 2. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skal sjóðurinn hafa sem langtímamarkmið að halda eiginfjárlutfallinu yfir 5%. Stjórn sjóðsins hefur í samræmi við ákvæði umræddrar reglugerðar gert velferðarráðherra grein fyrir þessu.

**ÁBENDING UM
EIGINFJÁRLUTFALL**

Tilvitnuð skýring 2 í ársreikningi sjóðsins er þannig:

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands í nóvember 2012 og samþykkt Alþingis á fjárlögum fyrir árið 2013 í desember 2012 fékk fjármála- og efnahagsráðherra heimild til að auka stofnfé Íbúðalánasjóðs um allt að 13 milljarða kr. Í þeim tilgangi að efla eiginfjárstöðu

sjóðsins, þannig að eiginfjárlutfall hans yrði ekki lægra en 3% í árslok 2012. Loforðið er fært til eignar í efnahagsreikningi og til hækkunar á eigin fé sjóðsins í árslok 2012. Framlagið verður greitt í lok mars 2013 með verðtryggðum ríkisskuldabréfum sem bera vexti frá 1. Janúar 2013.

GERT AÐ HALDA EIGINFJÁRLUTFALLI SÍNU YFIR 5%

Eins og kunnugt er hefur Íbúðalánasjóður verið rekinn með miklu tapi undanfarin ár sem gengið hefur á eigið fé hans. Ríkissjóður hefur lagt sjóðnum til aukið fé til að bæta eiginfjárstöðuna. Mikill taprekstur hefur engu að síður gert það að verkum að eiginfjárlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 544/2004 um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, var 3,2% í árslok 2012. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skal sjóðurinn hafa sem langtímamarkmið að halda eiginfjárlutfalli sínu yfir 5,0%. Samkvæmt árshlutareikningi sjóðsins var hlutfallið komið niður í 2,5% í lok júní 2013. Eftirfarandi tölur eru úr ársreikningi sjóðsins en það ber að athuga að framlag ríkisins til sjóðsins, sem bókað er hjá honum á árinu 2012, var heimilað í fjárlögum ársins 2013 og verður það fært í bókhaldi ríkisins á því ári.

5.1 Þróun í afkomu og fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs í m.kr.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
							JAN-JÚN
HAGNAÐUR (TAP)	2.528	-6.904	-3.202	-34.513	986	-7.856	-2.979
VIRÐISRÝRNUN ÚTLÁNA OG KRAFNA	-295	-8.683	-5.035	-36.057	-272	-8.806	-3.649
STOFNFJÁRFRAMLAG RÍKISSJÓÐS	0	0	0	33.000	0	13.000	0
EIGIÐ FÉ	20.189	13.285	10.083	8.569	9.555	14.699	11.721
EIGINFJÁRLUTFALL	7,0%	4,6%	3,0%	2,2%	2,3%	3,2%	2,5%

44-542 BYGGÐASTOFNUN

2 MA.KR. FRAMLAG TIL BYGGÐA- STOFNUNAR

Eignarhlutur ríkisins í Byggðastofnun var í upphafi árs 2012 bókfærður á 200 m.kr. Framlag ríkisins til stofnunarinnar á árinu nam 2.000 m.kr. en niðurfærsla 100 m.kr. svo eignarhluturinn er bókfærður á 2.100 m.kr. í ríkisreikningi í árslok. Eigið fé í árslok skv. ársreikningi Byggðastofnunar nam 2.114 m.kr. Eiginfjárlutfallið skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 12,55% en það skal að lágmarki vera 8% af áhættugrunni. Ársreikningur stofnunarinnar er endurskoðaður af Ernst & Young ehf. og er áritun án fyrirvara en með eftirfarandi ábendingu:

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu nr. 17 en hún fjallar um málaferli sem höfðuð hafa verið á hendur stofnuninni. Óvissa ríkir um niðurstöður málaferla en mat stofnunarinnar og lögræðinga hennar er að lánasamningar stofnunarinnar séu lögmætir.

Í tilvitnaðri skýringu 17 kemur fram að stofnunin hafi ekki fært varúðarframlag í afskriftareikning vegna óvissu um lögmæti lána sem hún hefur veitt viðskiptavinum sínum í erlendri mynt. Segir jafnframt í skýringunni að verði niðurstaðan sú að samningarnir séu ólögmætir muni það hafa veruleg áhrif á útlánasafn stofnunarinnar.

Fjárlög gerðu ráð fyrir 12 m.kr. tekjuafgangi á árinu 2012 en raunin varð 153 m.kr. tap.

RÍKISFYRIRTÆKI Í D-HLUTA

Í D-hluta ríkisreiknings eru tvö fjármálafyrirtæki, Seðlabanki Íslands og Viðlagatrygging.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Samkvæmt endurskoðuðum samstæðuársreikningi Seðlabankans nam eigið fé hans í árslok 98,1 ma.kr. en í ríkisreikningi er eignarhluturinn bókfærður á 77,6 ma.kr. eins og árið áður. Seðlabankinn á og rekur eignarhaldsfélög sem annast umsýslu eigna sem Seðlabankinn leysti til sín við fall bankanna. Í samstæðureikningi Seðlabankans eru færð þessi eignarhaldsfélög (ESÍ samstæða) auk Greiðsluveitunnar ehf., Hildu ehf. og Sölvhóls ehf. Starfsemi eignarhaldsfélaganna er haldið fjárhagslega- og stjórnunarlega aðgreindri frá starfsemi Seðlabankans enda samrýmist það ekki meginhlutverki bankans að annast slíka eignaumsýslu þegar til lengri tíma er litið.

**EIGIÐ FÉ 98,1
MA.KR. Í ÁRSLOK
2012**

Framlag bankans til ríkissjóðs skal skv. lögum nema 2/3 hluta af hagnaði bankans en varð aðeins 1/3 hluti hans þar sem eigið fé bankans var undir skilgreindum mörkum skv. reglum um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

Deloitte endurskoðar ársreikning Seðlabankans og er áritun endurskoðenda án fyrirvara eða sérstakra ábendinga.

VIÐLAGATRYGGING ÍSLANDS

Eigið fé nam í árslok 22,1 ma.kr. og jókst um 3,0 ma.kr. milli ára. Engin eign er skráð í ríkisreikningi með vísan til skilgreiningar ríkisreikningsnefndar eins og áður hefur komið fram.

Áritun endurskoðanda, KPMG hf., er án fyrirvara eða sérstakra ábendinga.

RÍKISFYRIRTÆKI Í E HLUTA Í MEIRIHLUTAEIGU RÍKISSJÓÐS

Alls eru 21 hlutafélag og fjármálafyrirtæki í meirihlutaeign ríkissjóðs. Samtals nam eign ríkisins í aðilum E-hluta 212,6 ma.kr. í árslok 2012 samanborið við 213,0 ma.kr. árið áður.

**EIGN Í E-HLUTA
AÐILUM 212,6
MA.KR. Í ÁRSLOK
2012**

HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS OHF

Á árinu 2012 rann Austurhöfn-TR ehf. inn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús hf. Ríkissjóður á 54% í félaginu á móti Reykjavíkurborg en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag á hluthafafundi í desember 2012 og nemur heildarhlutafé 2.478 m.kr. Eignarhlutur ríkissjóðs er bókfærður á 43 m.kr. í árslok vegna niðurfærslu ársins en hann stóð í 224 m.kr. í ársbyrjun. Eigið fé félagsins skv. endurskoðuðum ársreikningi nam á sama tíma um 100 m.kr. Rekstrartap fyrir afskriftir og vexti nam um 585 m.kr. á árinu 2012 en tap ársins 1.419 m.kr. skv. rekstrarreikningi.

PWC endurskoðar ársreikning félagsins og er áritun endurskoðenda fyrirvaralaus og án sérstakra ábendinga.

SPARISJÓÐUR VESTMANNAEYJA

Eignarhlutur í Sparisjóði Vestmannaeyja er bókfærður á 555 m.kr. í árslok og er fjárhæðin óbreytt frá fyrra ári. Eigið fé sparisjóðsins nam í árslok 1.144 m.kr. en eignarhlutur ríkissjóðs nemur 55,3%. Ársreikningurinn er endurskoðaður af Deloitte og er áritun án fyrirvara en með ábendingu þar sem vakin er athygli á upplýsingum í skýringum um óvissu sem ríkir um mat útlána og krafna í ársreikningi og möguleg áhrif þess á stöðu sjóðsins.

SPARISJÓÐURINN Í BOLUNGARVÍK

Eignarhlutur ríkisins er í A-hluta ríkisreiknings bókfærður á 393 m.kr. en á árinu 2012 var hann færður niður um 150 m.kr. Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi fyrir sjóðinn nemur eigið fé hans 444 m.kr. Eignarhlutur ríkissjóðs nemur 86,3%. Áritun endurskoðanda, Endurskoðunar Vestfjarða ehf., er án fyrirvara en með ábendingu um upplýsingar í skýringum um óvissu sem ríkir um mat eigna í efnahagsreikningi, sem gæti mögulega haft áhrif á rekstrarhæfi sjóðsins. Einnig að eiginfjárbættir séu lægri en kröfur Fjármálaeftirlitsins geri ráð fyrir.

SPARISJÓÐUR SVARFDÆLA¹⁰

Eignarhlutur ríkisins er í A-hluta ríkisreiknings bókfærður á 212 m.kr. en eignarhluturinn var færður niður um 170 m.kr. á árinu 2012. Eignarhlutur ríkissjóðs nemur 90%. Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi nemur eigið fé 253 m.kr. Áritun KPMG er án fyrirvara en með ábendingu þar sem vakin er athygli á upplýsingum í skýringu um mál sem tugir stofnfjáreigenda, sem töpuðu stofnfé sínu, hafa höfðað vegna stofnfjárukningar á árinu 2007.

SPARISJÓÐUR ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS¹⁰

Í ríkisreikningi er 75,8% eignarhlutur ríkisins bókfærður á 105 m.kr. Samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi Sparisjóðsins nam eigið fé hans samtals 278 m.kr. Í síðustu endurskoðunarskýrslu ríkisreiknings var bent á að ekki væri samræmi í bókfærslu eignarhlutans og skráðs stofnfjár skv. ársreikningi en það nemur um 257 m.kr. Áritun KPMG er án fyrirvara en með ábendingu sem er svohljóðandi:

Án þess að gera fyrirvara við ofangreint álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar um eiginfjástöðu sjóðsins og framtíðarhorfur. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, er 16%. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins gerði Fjármálaeftirlitið kröfu um að eiginfjárlutfall væri ekki lægra en 16% en samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%. Sparisjóðurinn uppfyllir því ekki skilyrði Fjármálaeftirlitsins um lágmarks eigið fé.

VÍSINDAGARÐURINN EHF.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á athugasemd í ríkisreikningi þar sem fram kemur að þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og eftirgrennslan Fjársýslu ríkisins barst ekki ársreikningur frá Vísindagarðinum ehf. innan tilskilinna tímamarka og því ekki hægt að birta hann í ríkisreikningi. Er þetta annað árið í röð sem það gerist.

**BARST EKKI INNAN
TÍMAMARKA ÞRÁTT
FYRIR ÍTREKUÐ
TILMÆLI**

¹⁰ Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis voru sameinaðir í Sparisjóð Norðurlands þann 4. júlí 2013.